

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræðibraut
9. maí 2008

UM VÆNDI

MISMUNANDI LEIÐIR TIL LÖGGJAFAR

Þórunn Hyrna Víkingsdóttir
Lokaverkefni í Félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræðibraut
Leiðbeinandi: Margrét Heinreksdóttir
9. maí 2008

UM VÆNDI

MISMUNANDI LEIÐIR TIL LÖGGJAFAR

Þórunn Hyrna Víkingsdóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.A-prófs í Félagsvísinda- og lagadeild

Yfirlýsingar

- a) Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Þórunn Hyrna Víkingsdóttir

- b) Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í Félagsvísinda- og lagadeild.

Margrét Heinreksdóttir

Útdrættir

Í þessari ritgerð verða skoðuð ýmis atriði vændislöggjafa. Í fyrsta lagi verða skoðaðar skilgreiningar á vændi, bæði almennar og lagalegar sem og nokkrar leiðir sem hugsanlegar eru á lagalegri meðferð vændis. Skoðaðar verða þær leiðir að banna vændi með lögum, að banna vændi með samfélagslegum viðurlögum, að takmarka bann við vændi, að stjórna vændi og að afnema allar hömlur á vændi úr lögum. Því næst verður litið á vændislöggjöf Svíþjóðar og sérstaklega á hina „sænsku leið“ sem bannar kaup á vændi. Þá verða athugaðar ástæður þess af hverju sú leið var ekki farin á Íslandi þegar kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna var breytt árið 2007. Næst er farið til Ástralíu og skoðaðir þeir lagabókstafir sem þar gilda um vændi. Þar hefur víða verið farin sú leið að lögleiða vændi að skilyrtum ströngum reglugerðum en sú aðferð hefur þó sætt gagnrýni sem litið verður á. Þá verður vændislöggjöf á Íslandi skoðuð og þá einna helst sú breyting sem gerð var á lögnum árið 2007 þegar afnumin var refsing fyrir sölu vændis. Þá verður dregið á ákvæðum alþjóðasamninga sem fjalla um vændi og sem Ísland er aðili að og ýmissri annarri starfsemi á alþjóðavettvangi sem miðar að því að sporna gegn hagnýtingu á kynferðisþjónustu og mansali til vændis. Þá verður fjallað í stuttu máli um hvaða dómur gengið hafa á Íslandi um vændi. Að lokum verður hugleitt hvaða breytinga er einna helst þörf í íslenskri vændislöggjöf. Viðauki fylgir ritgerðinni sem er stutt yfirlit sögu vændis allt frá hórinni í Babylóníu til vændis okkar daga.

In this thesis, legal aspects of prostitution will be examined. Firstly general and legal definitions will be viewed, as well as a few legislative models. They are: total prohibition model, prohibition with civil penalty model, partial prohibition model, regulation model and free availability model. Secondly, the swedish legislation will be looked at, especially the law that prohibits the purchase of sexual services. The reasons why Iceland did not follow Swedens precedent in this matter will be probed. Australia is next. With its six states and two territories, each with their own prostitution acts, Australia has a vast range of legislation regarding prostitution. These will be looked upon as well as criticism about the legalisation in the state of Victoria. Then Icelandic legislation will be examined and especially the changes that were made in 2007 on the prostitution clause in the Icelandic Criminal Code where the act of selling sexual services was legalised. Some international agreements that Iceland has ratified will be viewed as well as Icelandic case law on prostitution. Lastly it will be considered which changes are necessary in the Icelandic law on prostitution. A supplement chapter which shortly addresses the world history of prostitution is at the end of the thesis.

Þakkarorð

Nokkrir góðir aðilar aðstoðuðu mig heilmikið við gerð þessarar ritgerðar. Ég vil sérstaklega þakka Margréti Heinreksdóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir góða aðstoð og ráðleggingar og nákvæma og skilvirka yfirferð á ritgerðinni. Þá vil ég þakka Dögg Sigmarsdóttur, Mareni Eik Vignisdóttur og Ragnari Sigurðssyni fyrir skemmtilegar umræður sem vöktu mig ætíð til umhugsunar um málefnið. Að lokum vil ég tileinka ritgerðina þabba mínum heitnum, Víkingi Guðmundssyni, sem var óþreytandi í því að hvetja mig til lögfræðináms hér við Háskólann á Akureyri.

Að lokum vil ég vitna hér í Laxness, en í þessari tilvitnun finnst mér grundvallast skoðun mín um refsingar fyrir vændi.

„Það er aðeins óvísindalegur miðaldahugsunarháttur að dæma um afbrot frammar frá sjónarmiðum trúarlegrar siðfræði og leitast við að afgreiða þau á grundvelli refsingar. Glæpi ber að skoða sem samband sálrænna og jafnvel líkamlegra, uppeldislegra og félagslegra meina.“

(Halldór Laxness. 1928. Alþýðubókin. Inngangur að rannsókn á orsökum glæpa.)

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Hvað er vændi og hvernig er hægt að taka á því?	5
2.1 Skilgreiningar á vændi	5
2.2 Mismunandi leiðir til vændislöggjafar	7
2.2.1 Leið 1: Bann við vændi	7
2.2.2 Leið 2: Bann vændis með samfélagslegum viðurlögum	8
2.2.3 Leið 3: Takmarkað bann við vændi	8
2.2.4 Leið 4: Stjórnun vændis	9
2.2.5 Leið 5: Vændisfrelsi	10
3. Vændi í Svíþjóð	11
3.1 Vændislöggjöf Svíþjóðar	11
3.2 Kostir og gallar sænsku leiðarinnar	11
4. Vændi í Ástralíu	15
4.1 Vændislöggjöf Ástralíu	15
4.1.1 Queensland	15
4.1.2 Nýja-Suður-Wales	16
4.1.3 Vestur-Ástralía	16
4.1.4 Viktoría	17
4.1.5 Tasmanía	18
4.1.6 Suður-Ástralía	19
4.1.7 Norðursvæðið	19
4.1.8 Ástralska höfuðborgarsvæðið	20
4.2 Áhrif lögleiðingar vændis í Viktoríufylki	20
5. Vændi á Íslandi	23
5.1 Vændislög á Íslandi	23

5.2 Forsaga laga nr. 61 frá 27. mars 2007	24
5.3 Vændi í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að	30
5.4 Dómar í vændismálum	33
6. Lokaorð	33
Viðauki: Stutt ágríp af sögu vændis.....	35
Heimildaskrá	42

1. Inngangur

Á 133. löggjafarþingi 2006-2007 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennu hegningarlagna nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Fól þetta frumvarp meðal annars í sér að nema skyldi úr lögum bann við því að stunda vændi sér til framfærslu en bæta við banni á því að auglýsa vændi opinberlega. Frumvarp þetta varð að lögum nr. 61/2007 og með því fór Ísland að dæmi hinna Norðurlandarákjanna sem þegar höfðu afnumið refsingu fyrir sölu vændis. Lögin héldu þó áfram banni við því að hafa viðurværi sitt af vændi annarra og að ginna eða hvetja aðra til vændis. Í þessari ritgerð verður skoðað hvaða forsendur voru fyrir þessari breytingu á löggjöfni, m.a. hvers vegna ekki var tekin upp hin sænska leið sem bannar kaup á vændi. Þá verða og skoðaðar ýmsar leiðir sem hægt er að fara í vændislöggjöf og íhugað hverju breyta mætti í íslenskum lögum um vændi yrði efnið tekið að nýju upp á Alþingi eins og hvatt hefur verið til.

Í fyrsta kafla verður skoðað hvað vændi er og litið á skilgreiningar á vændi, bæði almennar og lagalegar. Þá verða nefndar nokkrar leiðir sem mögulegar eru á lagalegri meðferð vændis; þ.e. sú leið að banna vændi algerlega með lögum, að banna vændi með lögum en beita mismunandi refsingum eftir gerð brota, að takmarka bann við vændi, að leyfa vændi en stjórna því með yfirgripsmiklum reglugerðum eða að leyfa vændi og afnema allar hömlur á því úr lögum og reglum. Kostir og gallar þessarra leiða verða skoðaðir.

Þá verður farið til Svíþjóðar og skoðuð hin sænska löggjöf um vændi þar sem gengið er út frá því að rót vandans sé eftirspurnin. Svíþjóð var fyrsta ríkið til að lögfesta ákvæði um refsinaemi þess að þiggja kynlífsþjónustu gegn gjaldi. Sýnt hefur verið fram á að götuvændi hafi minnkað til muna eftir að bann við kaupum á vændi var lögleitt í Svíþjóð. Á eftirspurnin að hafa minnkað og því dregið úr vændi samhliða því. Hins vegar hafa hinar Norðurlandþjóðirnar ekki fylgt fordæmi Svía í þessum málum og það gerði Ísland ekki heldur í fyrri. Verða raktar ástæður þessa og þær staðhæfingar að vændi hafi í raun ekki minnkað í Svíþjóð heldur færst meira undir yfirborðið og gert þar með aðstæður enn verri fyrir þolendur vændis.

Næst verður farið til Ástralíu og skoðaðir þeir lagabókstafir sem þar gilda um vændi. Ástralía samanstendur af sex fylkjum og tveimur svonefndum svæðum (e. territories) og hefur hvert þessara fylkja og svæða sín lög um vændi. Vændislöggjöfin í Ástralíu er mjög stór í sniðum; yfirleitt heill lagabálkur um málefnið en ekki einungis ein grein í almennum hegningarlögum eins og á Íslandi. Hins vegar eru ekki allir sáttir við þær breytingar sem

orðið hafa í átt til frekari lögleiðingar vændis í Ástralíu og verða skoðuð þau viðhorf sem benda á galla þeirra leiða sem þar eru farnar. Til að mynda hefur verið bent á, að enda þótt vændi hafi færst upp á yfirborðið frá því að vera neðanjarðarstarfsemi, hafi það samt aukist til muna; neðanjarðarstarfsemi þrífist enn sem fyrr en nú séu þar vændiskonur jafnvel undir 18 ára aldri og einnig HIV smitaðar konur.

Því næst verður farið til Íslands, skoðaðar helstu breytingar sem orðið hafa á síðustu áratugum á kynferðisbrotaákvæðum hinna íslensku hegningarlaga og sú lagabreyting sem gerð var á síðasta ári með lögum nr. 61/2007. Þá verða athugaðir þeir alþjóðasamningar um vændi sem Ísland er aðili að.

Þá verður varpað fram skoðunum um hvort í raun hafi verið rétt að lögleiða vændi á Íslandi og þá sérstaklega tekið tillit til þeirra aðstæðna sem skapast hafa í Ástralíu eftir að vændi var lögleitt þar; hvort hægt sé að banna vændi yfir höfuð og hvort ríki eigi ekki frekar að banna hina slæmu fylgifyska vændis þar sem þá er að finna. Sumar vændiskonur eru ánægðar í því starfi, hafi þær algjört frelsi til að sinna því eins og þær vilja en aðrar stunda það sökum fíkniefnaneyslu, mansals, fátæktar, neyðar eða annars í þeim dúr. Það er þá ekki vændið sem er slæmt heldur ástæðurnar og á þeim þarf að taka.

Saga vændis er yfirgripsmikil og verður að lokum farið í nokkra helstu þætti hennar í viðauka ritgerðarinnar. Það yfirlit spannar tímabil sem nær allt frá frásögninni af Babylonshórinni yfir í vændi meðal forn-Egypta, Grikkja og Rómverja; skoðaðar breytingar á því á miðöldum í Evrópu og herðingu laga gegn vændi á sextánda öld hjá kaþólikkum, Kalvínistum og Lútherstrúarmönnum; tekið dæmi af vændi á stríðstímum; ennfremur getið um breyttar áherslur í heilbrigðismálum og stofnun réttindahópa vændiskvenna á 20. öld, svo eitthvað sé nefnt.

2. Hvað er vændi og hvernig er hægt að taka á því?

Vændi sem og mansal á konum og stúlkum fyrir vændismarkaðinn hefur aukist mikið á síðustu áratugum. Vændismarkaðurinn fer hvað hraðast vaxandi, næst á eftir eiturlyfja- og vopnamarkaðnum. Konur eru orðnar að hlutum sem ganga kaupum og sölum og hefur þetta samræmst hugmyndinni um kynferðislega afþreyingu eða skemmtun þar sem aðilar skiptast á þjónustu og greiðslu. Störf vændiskvenna eru orðin að starfsferli og á atvinnuleysisstofum í Hollandi má jafnvel finna vinnu á vændishúsi sem sæmandi atvinnutækifæri. Gunilla Ekberg talar um í grein sinni „The Swedish Law that Prohibits the Purchase of Sexual Services: Best Practices for Prevention of Prostitution and Trafficking in Human Beings” að það sem áður var talið kynferðislegt arðrán á konum sé nú á dögum litið á sem rétt kvenna til að gera það sem þær vilja við líkama sinn, í því felist ákveðinn sjálfsákvörðunarréttur og leið til kynferðislegrar frelsunar.¹ Í þessum kafla verða skoðaðar bæði almennar og lagalegar skilgreiningar á vændi sem og nokkrar leiðir sem hægt er að fara í lögleiðingu þess.

2.1 Skilgreiningar á vændi

Í íslenskri veforðabók er orðið „vændi“ annars vegar skilgreint sem það að einhver leyfi við sig kynmök gegn gjaldi og hins vegar að það sé skipuleg atvinnustarfsemi við sölu kynmaka. Orðið „vændiskona“ er þá kona sem selur blíðu sína, stundar vændi, gleðikona eða hóra.² Þótt þessi skilgreining veiti almennan skilning á því hvað vændi sé, gefur hún ekki góða mynd af því hvað teljist t.d. vera *kynmök* eða *gjald*. Í lagalegum skilgreiningum er þetta oft betur skilgreint þar sem nauðsynlegt er bæði fyrir lögreglu og dómstóla að hafa löggjöfina skýra.

Í áströlskum vændislöggjöfum er „vændi“ víða skilgreint mjög nákvæmlega og hér verður tekið dæmi af einni slíkri skilgreiningu. Í þriðju grein laga nr. 25/1988 (Summary Offences Act 1988) í Nýju-Suður-Wales í Ástralíu er vændi skilgreint sem athöfn milli einstaklinga af gagnstæðu kyni eða af sama kyni sem feli í sér annars vegar kynmök eins og þau eru skilgreind í hegningarlögum frá 1900 (Crimes Act 1900) og hins vegar aðra kynferðislega fróun sem ein manneskja veitir annarri. Þá er skilyrði að þessar athafnir séu

¹ Ekberg 2004:1188.

² „Vændi“ og „vændiskona“ í íslenskri orðabók. (Sótt 23. apríl 2008) <http://snara.is/vefbaekur/gagn.htm>

gerðar gegn þóknun.³ Þóknun þessi er ekki skilgreind frekar, sem þó væri þörf á, en kynmök eru svo skilgreind í 61.H hluta hegningarlögunna frá 1900 (Crimes Act 1900). Þar segir að kynmök séu í fyrsta lagi kynferðisleg tengsl sem byggist á því að einhver fer inn í, að einhverju eða öllu leyti, kynfæri kvenna (þar með talin leggöng sem búin eru til með skurðaðgerð) eða inn í endaparmsop einstaklings með (i) hvaða líkamshluta annars einstaklings sem er eða (ii) með hvaða hlut sem er, sem stjórnað er af öðrum einstaklingi. Undanþágur frá þessu er ef farið er inn í kynfærin í læknisfræðilegum tilgangi. Í öðru lagi teljast hvers kyns munnmök til kynmaka og í þriðja lagi telst til kynmaka allt áframhald af áðurnefndum aðferðum.⁴

Í almennu hegningarlögunum íslensku er hins vegar hvergi sett fram skilgreining á hugtakinu „vændi“. Í greinargerðinni með frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940 sem lagt var fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007 er fjallað um að kynferðisbrotaákvæðið sé ókynbundið þannig að það taki jafnt til háttsemi karla og kvenna hvort sem um kaupanda eða seljanda er að ræða. Einnig tekur það þá jafnt til gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Í greinargerðinni er líka tekið fram að hugtakið vændi hafi fyrst komið inn í íslensk lög með breytingalögunum frá árinu 1992 en áður hafi verið talað um lauslæti. Hvorugt hugtakið, lauslæti eða vændi, hafi hins vegar verið skilgreint. Þar segir jafnframt að „[v]ið skilgreiningu á hugtakinu vændi [megi] leggja til grundvallar almenna málvenju, þannig að vændi feli það í sér að annar aðilinn þiggi greiðslu af hinum fyrir kynferðisathafnir, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök, sem þeir hafa sín á

³ „prostitution“ includes acts of prostitution between persons of different sexes or of the same sex, and includes:

(a) sexual intercourse as defined in section 61H of the *Crimes Act 1900*, and
(b) masturbation committed by one person on another,
for payment.“

3. gr. Summary Offences Act 1998. (Sótt 16. apríl 2008)

http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/soa1988189/s3.html

⁴ „For the purposes of this Division, "sexual intercourse" means:

(a) sexual connection occasioned by the penetration to any extent of the genitalia (including a surgically constructed vagina) of a female person or the anus of any person by:

(i) any part of the body of another person, or

(ii) any object manipulated by another person,

except where the penetration is carried out for proper medical purposes, or

(b) sexual connection occasioned by the introduction of any part of the penis of a person into the mouth of another person, or

(c) cunnilingus, or

(d) the continuation of sexual intercourse as defined in paragraph (a), (b) or (c).“

61H (1). gr. í Crimes Act 1900. (Sótt 16. apríl 2008)

http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/ca190082/s61h.html

milli. Ekki skiptir máli hvort greiðslan er peningar eða önnur verðmæti.”⁵ Íslenskt vændislagumhverfi skortir því almenna skilgreiningu á því hvað teljist til kynferðisathafna og greiðslna fyrir þær.

2.2 Mismunandi leiðir til vændislöggjafar

Þegar rætt er um umbætur á sviði vændislöggjafar eru jafnan skoðaðar þær leiðir sem hægt er að fara í lagalegri meðferð vændis. Árið 1996 birti Félagslega þróunarnefndin (e. Social Development Committee) í Suður-Ástralíu, skýrslu sem gerð var fyrir þingið þar. Nefndin sem vann skýrsluna skoðaði helstu leiðir til að breyta vændislöggjöf í Suður-Ástralíu og setti fram fimm leiðir sem hugsanlega væru í lagalegri meðferð vændis. Grundvöllur þeirrar skiptingar byggist á flokkun nefndar (svonefndrar Sackville Royal Commission) á mögulegum lagalegum aðgerðum í tengslum við notkun eiturlyfja. Þessari flokkun var breytt til að hægt væri að nota hana um vændi. Þessar fimm leiðir eru: bann við vændis (e. total prohibition model); bann vændis með samfélagslegum viðurlögum (e. prohibition with civil penalty model); takmarkað bann við vændi (e. partial prohibition model); stjórnun vændis (e. regulation model); og vændisfrelsi (e. free availability model).⁶ Hér verður nánar farið út í þessar fimm leiðir en þær má ekki skoða sem tæmandi taldar.

2.2.1 Leið 1: Bann við vændi

Oft er litið á þessa leið sem hina árangursríkustu til að útrýma vændi þar sem hún feli í sér að vændi - og allar athafnir sem því tengist - séu refsiverðar. Lagalegar ráðstafanir miði að því að veita lögreglu vald til að handtaka og dómstólum vald til að sakfella einstaklinga fyrir brot á hvers kyns vændistengdri starfsemi. Refsing eigi þá að vera fullnægjandi til að fæla fólk frá því að leiðast út í vændistengdar athafnir sem og hindra að það snúi aftur á þá braut hafi það einu sinni verið sakfelld. Talsmenn þessarar leiðar byggja afstöðu sína oft á siðferðilegum og trúarlegum grundvelli. Þar fyrir utan færa þeir oft rök fyrir því að vændi feli ávallt í sér hagnýtingu. Helstu kostir þessarar leiðar eru þeir að hún aftrar hugsanlegum viðskiptavinum frá því að tengjast inn í vændisiðnaðinn, hún leiðir til þess að verð á kynlífsþjónustu eykst

⁵ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 32-33.

⁶ „Inquiry into Prostitution. Final Report. Ninth Report of the Social Development Committee.“ Third session – Forty Eighth Parliament 1995-6. Bls 18-19. (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.parliament.sa.gov.au/NR/rdonlyres/B48AE49B-FD48-4547-BE5E-58DCCDBD3682/4694/09threportinquiryintoprostitutionfinalreportpt1.pdf>

sem hefur þau áhrif að færri hafa efni á henni. Hún letur því fólk frá því að tengjast vændi og hvetur jafnframt fólk til að hverfa frá vændi. Gallar á þessari leið eru einnig margir. Afleiðingar hennar geta til að mynda verið fjölgun úrræða lögreglunnar sem hefur ekki árangur sem erfiði, fjölgun fólks á sakaskrá og í fangelsum, aukið farg á dómstólana, aukin einangrun fólks sem stundar eða hefur stundað vændi (fólk í vændi getur til að mynda ekki leitað sér hjálpar sökum hræðslu við sakfellingu og fólk, sem brotist hefur úr viðjum vændis, á erfiðara með að aðlagast og fá vinnu þar sem það er oft á sakaskrá) og minni sýnileiki vændis sem getur haft ýmis heilbrigðisvandamál í för með sér. Til að mynda hefur fólk í heilbrigðisgeiranum ekki jafn auðveldan aðgang að vændishúsum og vændiskonum og þá sæta vændiskonur ekki reglum um reglubundna heilbrigðiskoðun.⁷

2.2.2 Leið 2: Bann vændis með samfélagslegum viðurlögum

Samkvæmt þessari leið skal refsa fyrir minniháttar brot með samfélagslegum viðurlögum, svo sem með yfirbótum í stað refsinga sem kveðið er á um í hegningarlögum. Refsingar eins og finna má í hegningarlögum myndu þá einungis lagðar við alvarlegum glæpum. Þannig væri hægt að setja vægari viðurlög við því að stunda vændi en harðari fyrir hagnýtingu þess. Kostir þessarar leiðar eru m.a. að vændi er áfram haldið ólöglegu en samtímis komið í veg fyrir galla þá sem finna má í leið 1 í sambandi við refsingar. Vændiskonur eiga þannig auðveldara með að yfirgefa vændisiðnaðinn og fara á hinn almenna vinnumarkað með hreina sakaskrá. Hörðum refsingum fyrir hin alvarlegari brot er haldið áfram og þá er ódýrara að fara þessa leið þar sem kostnaður dómstóla yrði væntanlega minni. Ókostir eru einnig ýmsir; fólk gæti frekar leiðst út í iðnaðinn ef það veit að brot leiði ekki til þess að það verði sett á sakaskrá, almenningur fari að líta vændi mildari augum og þá myndi þessi leið ekki draga úr þörfinni fyrir fleiri lögreglumenn sem vinna með vændisbrot.⁸

2.2.3 Leið 3: Takmarkað bann við vændi

Grundvallaratriði þessarar leiðar er að sum hegðun í tengslum við vændi sé refsiverð, önnur ekki. Það eru margar leiðir hugsanlegar til að koma þessari leið í framkvæmd. Sem dæmi mætti leyfa vændi, án refsinga, að tilteknum skilyrðum uppfylltum en gera það refsivert að öðru leyti. Kostir þessarar leiðar eru m.a. að afnuminn yrði sá smánarblettur sem fylgir oft

⁷ Sama heimild, bls. 19.

⁸ Sama heimild, bls. 20.

sakfellingum fyrir vændisbrot; að vændiskonum væri gert enn auðveldara fyrir að hætta iðkun vændis, að fólk í heilbrigðisgeiranum ætti auðveldari aðgang að vændisiðnaðinum til eftirlits, að hægt væri að setja strangar reglur um hið leyfilega vændi og lögregla gæti eytt tíma sínum og mannafla í að sinna alvarlegri glæpum í tengslum við vændi. Ókostir væru þeir m.a. að hugsanlega gæti eftirspurnin eftir vændi aukist og auk þess myndi þessi leið ekki aftra fólk frá því að leiðast út í vændisiðnaðinn. Þessi leið viðurkennir hins vegar að vændi sé ekki að öllu leyti skaðlegt og að slaka megi á í löggjöf um vændisstarfsemi. Þá felst í henni viðurkenning á því að algjört bann við vændi hafi ekki skilað tilætluðum árangri við að hemja útbreiðslu og aukningu vændis og því takmarki megi ná með ódýrari og vægari aðgerðum.⁹

2.2.4 Leið 4: Stjórnun vændis

Rökstuðningurinn á bak við þessa leið er meðal annars sá að bann við vændi hafi ekki skilað neinum árangri og enda þótt ekki eigi að stuðla að vændi þá sé réttara að leyfa það undir hörðu eftirliti. Ríki eigi því ekki að banna hegðun sem ekki valdi skaða, eins og þegar tveir fullorðnir einstaklingar eru samþykkir verknaðinum. Ríkisstjórnir eigi að setja reglugerðir og brot gegn þeim að varða við hegningarlög. Slík leið myndi krefjast ákveðinnar stjórnsýslu til að sjá um að reglugerðirnar næðu fram að ganga, til að mynda sjá um útgáfu starfsleyfa, alla skráningu og þess háttar. Undir kerfi sem þessu væri hins vegar öll þvingun, valdbeiting, notkun barna og notkun eiturlyfja refsiverð. Hægt væri þá til dæmis að stjórna fjölda vændishúsa, staðsetningu, vinnutíma og starfsvettvangi götuvændiskvenna með þar til ætluðum reglugerðum. Kostir þessarar leiðar eru þeir, að fólk sem starfar í kynlífsiðnaðinum yrði ekki stimplað sem glæpamenn, svo framarlega sem það tæki ekki þátt í annarri glæpsamlegri hegðun. Þá myndi kostnaður fyrir lögreglu og dómstóla minnka og eins væri hægt að auka heilsugæslu vændiskvenna. Vankantar gætu verið ýmsir; send væru þau skilaboð út í þjóðfélagið að vændi væri ásættanlegt starf, glæpamenn sem væru viðriðnir vændi myndu færa sig yfir í aðra glæpsamlega hegðun og því yrði í raun ekki nein minnkun á alvarlegum glæpum. Orðið gæti aukning á framboði og eftirspurn eftir vændi og stjórnsýslan gæti orðið það stór í sniðum að hún myndi taka til sín allan þann fjárhagslega gróða sem yrði á sparnaði lögreglu og dómstóla. Þá myndi ólöglegt vændi verða áframhaldandi vandamál og

⁹ Sama heimild, bls. 20-21.

loks hefur verið nefndur sá ókostur að þetta kerfi sé of frjálslýnt og gæti smám saman leitt til þess að aðrir glæpir yrðu afgreiddir á sama hátt.¹⁰

2.2.5 Leið 5: Vændisfrelsi

Þessi leið er andstæða fyrstu leiðarinnar um algert bann vændis enda er meginsjónarmiðið hér að afnema allar hömlur á vændi úr lögum og reglugerðum. Málsvavar hennar eru þeirrar skoðunar að lög eigi einungis að vernda einstaklinga gegn ofbeldi, tryggja verndum barna og koma í veg fyrir ónæði fyrir hinn almenna borgara. Það eigi ekki að leggja refsingar við því að fullorðnar manneskjur stundi kynlíf í kyrrþey með samþykki beggja, jafnvel þótt greitt sé fyrir. Hins vegar felur þessi leið ekki í sér að ríki láti vændi óátalið eða hagnist á því, heldur einungis að kynlífsiðnaðurinn lúti samskonar reglum og annar iðnaður með sömu hagsbótum og takmörkunum. Kostir þess að fara þessa leið eru taldir margir. Sömu takmarkanir á glæpsamlegri hegðun gildi í kynlífsiðnaðinum og öllum öðrum iðnaði, með því að afnema refsingar fyrir vændisbrot eigi vændiskonur mun auðveldara með að láta af kynlífsstörfum og sækja í önnur störf, auðveldara verði að sinna heilsugæslu sem og að efla fræðsluþætti um vændi. Enn fremur mætti skattleggja vændisstarfsmenn eins og starfsfólk í öðrum iðnaði og ríki gætu einbeitt sér að því að vernda einstaklinga gegn ofbeldi, þvingunum eða hagnýtingu í stað þess að þröngva upp á þjóðfélagið viðurlögum byggðum á siðferði. Gallar þessarar leiðar eru hins vegar einkum þeir að fólk gæti farið að líta á vændi sem æskilega og eðlilega hegðun, að virðing kvenna gæti minnkað, að almennt yrði minna eftirlit með vændi og hugsanlegt að bæði framboð og eftirspurn kynlífsþjónustu ykist.¹¹

Hér í köflunum á eftir verður litið til þriggja landa í sambandi við lög um vændi og skoðaðar þær leiðir sem þar eru farnar. Litið verður á vændislöggjöf Ástralíu og á hina nýbreyttu vændislöggjöf á Íslandi en fyrst verður sænska leiðin skoðuð.

¹⁰ Sama heimild, bls. 21-22.

¹¹ Sama heimild, bls. 22.

3. Vændi í Svíþjóð

3.1 Vændislöggjöf Svíþjóðar

Sænska vændislöggjöfin sem mesta athygli hefur vakið leggur refsingu við kaupum á vændisþjónustu. Þetta eru lög nr. 408 frá 1998 sem tóku gildi 1. janúar 1999. Lögin kveða á um að sá sem þiggi kynlífsþjónustu gegn greiðslu skuli hljóta dóm fyrir nema athöfnin sé þegar refsiverð samkvæmt sænsku hegningarlögunum. Viðurlögin eru sektir eða fangelsi allt að sex mánuðum. Þá er tilraun til að fá keypta kynlífsþjónustu einnig refsiverð samkvæmt 23. kafla sænsku almennu hegningarlaganna sem kveður svo á að hafi einstaklingur byrjað á því að fremja glæp en ekki náð að fullkomna hann skuli hann dæmdur fyrir tilraun.¹²

Sjötti kafli almennu hegningarlaganna (The Swedish Penal Code) fjallar einnig um kynferðislega glæpi; skv. 8. gr. hans er refsivert að útvega einstakling til kynlífsathafna gegn greiðslu eða hagnýta sér fjárhagslega kynlíf annarra gegn greiðslu. Í sömu grein er lögð refsing við því að útvega húsnæði sem vitað er að verði notað til kynlífsathafna gegn greiðslu.¹³ Refsiheimild er þá hækkuð í 9. gr., sé um stórfellt brot á 8. gr. að ræða.¹⁴ 16. gr. 16. kafla gæti átt við um götuvændi en hann fjallar um að refsivert sé að vera með hávaða á opinberum stöðum eða hegða sér á þann veg að valdi hneykslun almennings.¹⁵

3.2 Kostir og gallar sænsku leiðarinnar

Í nágrannalöndum okkar hafa lagaákvæði um kynferðisbrot verið tekin til vandlegrar endurskoðunar á síðustu árum. Markmið þessara breytinga hafa verið annars vegar að einfalda reglur um kynferðisbrot og gera þær nútímalegri og hins vegar að auka vernd barna og kvenna gegn kynferðisbrotum. Í þessum kafla verður lögð áhersla á þær breytingar sem orðið hafa í Svíþjóð, þ.e. skoðuð verður „sænska leiðin“ sem vísar til þess að árið 1998 voru

¹² „A person who obtains casual sexual relations in exchange for payment shall be sentenced - unless the act is punishable under the Swedish Penal Code - for the purchase of sexual services to a fine or imprisonment for at most six months. Attempt to purchase sexual services is punishable under Chapter 23 of the Swedish Penal Code.“
1999 Swedish Prostitution Law. SFS 1998:408. Act on prohibiting the purchase of sexual services. Í enskri þýðingu. (Sótt 27. apríl 2008) http://www.bayswan.org/swed/swed_law.html

¹³ The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statues in translation. Ministry of Justice. Law 1998:393 (Sótt 27. apríl 2008) <http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

¹⁴ The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statues in translation. Ministry of Justice. Law 1984:399 (Sótt 27. apríl 2008) <http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

¹⁵ The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statues in translation. Ministry of Justice. Law 1991:240 (Sótt 27. apríl 2008) <http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

kaup á kynlífi gerð refsiverð þar í landi (lag (1998:408) om förbud mot köp av sexuelle tjänster).¹⁶ Þá verður litið á ástæður þess að Ísland fór ekki þessa leið í löggjöf sinni.

Þann 1. janúar 1999 tóku sem fyrr segir gildi lög í Svíþjóð sem leggja refsingu við kaupum á kynlífi. Lögin áttu að taka á eftirspurninni, sem talin var orsök vændis. Gunilla Ekberg hefur skrifað grein um þessi lög, „The Swedish Law that Prohibits the Purchase of Sexual Services: Best Practices for Prevention of Prostitution and Trafficking in Human Beings” þar sem hún segir að lögin séu hornsteinn þeirrar sænsku viðleitni að búa til lýðræðislegt þjóðfélag á okkar tímum þar sem konur og stúlkur geti lifað frjálsar undan öllum myndum karlægs ofbeldis. Hún segir að kaupendum fækki þegar þeir eiga refsingu á hættu, eftirspurnin minnki og vændismarkaðurinn verði því síður ábatasamur.¹⁷ Ekberg leggur fram þær tölulegu staðreyndir að árið 1999 var áætlað að 125.000 sænskir karlmenn hafi keypt þjónustu af um 2500 vændiskonum einu sinni eða oftár á ári hverju. Af þeim voru um 650 götuvændiskonur. Frá 1999 til 2004 hafði þeim fækkað um 30-50% og hægst hafði ennfremur á nýliðun í starfið. Þá sé áætlað að vændiskonum hafi í heildina fækkað milli áráanna 1999 og 2002 úr 2500 í 1500 konur.¹⁸

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á almennu hegningarlögum íslensku sem lagt var fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007 segir að rannsóknir hafi sýnt að í kjölfar gildistöku sænsku laganna frá 1999 hafi í reynd dregið úr götuvændi í Svíþjóð en að skoðanir séu skiptar um hvort dregið hafi úr vændi þegar á heildina sé litið. Þannig sé til að mynda ekki hægt að útiloka að dulið vændi hafi aukist. Erfitt sé að segja til um magn dulins vændis þar sem það fer oftast fram innanhúss og þá hefur betri fjarskiptatækni eins og til dæmis internetið stuðlað að því að gera enn örðugra en áður að fylgjast með vændi. Fræðimenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafi einnig gagnrýnt að ekki hafi verið gerð heildarrannsókn á því hvernig sænsku lögin hafi virkað. Flestar þjóðir Norðurlanda eigi það sameiginlegt að hafa íhugað að fara sænsku leiðina; norska ríkisstjórnin ákvað hins vegar í desember 2004 að fara ekki að fordæmi Svía og þá er ekki áformað í

¹⁶ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 6.

¹⁷ Ekberg 2004:1187.

¹⁸ Sama heimild, bls. 1193.

Danmörku að fara sænsku leiðina en bæði Danir og Norðmenn eru þó á þeirri leið að taka á vandamálinu með félagslegum aðgerðum.¹⁹

Helstu kostir og gallar þess að fara sænsku leiðina eru taldir í greinargerðinni með lagafrumvarpinu íslenska en þar kemur fram að helstu kostir þess að gera kaup á vændi refsiverð séu:

1. Seljandi vændis er illa settur félagslega og neyðist til að selja líkama sinn, en kaupandi vændis á þar val. Aðstöðumunur aðila er því mikill. Líkami fólks á ekki að vera söluvara. Það eru því sterk siðferðisleg skilaboð til samfélagsins að slík háttsemi sé refsiverð.
2. Refsiákvæði um vændis kaup munu hafa almenn varnaðaráhrif sem leiða til þess að eftirspurn eftir vændi minnkar og síðan mun framboðið minnka í kjölfarið.
3. Ef eftirspurn eftir vændi minnkar mun einnig draga úr mansali.
4. Kaupandi vændis sem til stendur að ákæra er viljugri til að bera vitni gegn vændismiðlara, ef þess er kostur að tekið verði tillit til samstarfsvilja hans við ákvörðun refsingar, sbr. 9. tölul. 70. gr. hgl.²⁰

Helstu gallar séu að:

1. Ekki er komin næg reynsla af sænsku löggjöfinni, heildarrannsóknir á áhrifum hennar hafa ekki farið fram og því er ekki ljóst hvort hún hefur haft almenn varnaðaráhrif.
2. Þótt dregið hafi úr götuvændi í Svíþjóð eru vísbendingar um að vændi hafi færst í undirheimana með þeim afleiðingum að erfiðara er að hafa eftirlit með því og veita þeim sem stunda vændi félagslega aðstoð. Staða vændismiðlara getur styrkst, m.a. vegna þess að kaupendur vændis verða ófúsari til að bera vitni gegn þeim og koma þar með upp um sjálfa sig.
3. Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi. Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt átak þjóða til þess að taka á honum.²¹

Þá hafa komið upp þær tilgátur að bann við kaupum á vændi fæli í mesta lagi frá hina venjulegu viðskiptavini, þá sem kaupir slíka þjónustu sjaldan, en vafasamt sé að hún hafi áhrif á þá sem eru ofbeldisfullir og vilji stunda þessa háttsemi.²²

Í greinargerðinni kom einnig fram að aðstæður á Íslandi væru aðrar en voru í Svíþjóð þegar refsíákvæðið um vændis kaup var lögfest þar og verði lagabreytingar að taka mið af

¹⁹ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 36.

²⁰ Sama heimild, bls. 36-37.

²¹ Sama heimild, bls. 37.

²² Sama heimild, bls. 37.

þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Því þurfi að rannsaka betur umfang og eðli vændis á Íslandi áður en lögum verði breytt í átt til þess sem gert var í Svíþjóð. Þá hafi refsing aldrei verið heppileg leið við lausnum á félagslegum vanda og frekar eigi því að reyna aðrar leiðir eins og að finna orsakir vandans og vinna á þeim. Vegna þessa var ákveðið að leggja ekki til í frumvarpinu refsingu við kaupum á vændi.²³

²³ Sama heimild, bls. 37-38.

4. Vændi í Ástralíu

4.1 Vændislöggjöf Ástralíu

Vændi í Ástralíu er stjórnað af fylkjalögum landsins sem eru mjög mismunandi eftir hverju hinna sex fylkja sem eru Queensland, Viktoría, Nýja-Suður-Wales, Suður-Ástralía, Tasmanía og Vestur-Ástralía auk svæðanna tveggja, Norðursvæðisins og ástralska höfuðborgarsvæðisins (ACT: Australian Capital Territory). Í þessum kafla verður fjallað í stuttu máli um þau vændislög sem þar gilda.

4.1.1 Queensland

Í Queensland eru leyfi fyrir vændishúsastarfsemi jafnan gefin út af sérstakri skrifstofu, PLA²⁴ (Prostitution Licensing Authority) sem byggist á vændislögunum frá 1999 (Prostitution Act 1999). Skrifstofan hóf opinberlega störf þann 1. júlí árið 2000 þegar lögin gengu í gildi. Verkefni hennar er að ganga úr skugga um að vændishús hafi tilskilin leyfi og að þeim sé stjórnað með hagsmuni samfélagsins í huga.²⁵ Í Queensland eru tvær tegundir af löglegu vændi. Annars vegar persónuleg kynlífsþjónusta, þar sem vændiskonan starfar ein, þ.e. er ekki að vinna fyrir þriðja aðila eða hörmangara. Slík vændiskona má þó ekki auglýsa þjónustu sína og þar að auki telst það brot að falast opinberlega eftir vændi. Hins vegar er vændi heimilt á vændishúsum sem hafa starfsleyfi. Götuvændi er stranglega bannað í Queensland og er reyndar ólöglegt í öllum fylkjum Ástralíu nema í Nýju-Suður-Wales þar sem það er þó bannað nærri t.d. kirkjum, skólum og sjúkrahúsum. Þá eru leyfislaus vændishús bönnuð í Queensland.²⁶ Vændislögin nr. 73 frá 1999 fjalla í meginatriðum um stofnun og starf PLA, hvernig sækja þurfi um leyfi fyrir vændishúsi, hverjir megi gera það, hvernig refsa skuli fyrir brot leyfishafa, hvenær lögregla má fara inn í vændishús og hvar starfrækja megi vændishús.²⁷ Þá tilgreina lögin refsingar fyrir vændisbrot; t.d. varðar það

²⁴ Queensland Government. „Prostitution Licensing Authority“. (Sótt 15. apríl 2008) <http://www.pla.qld.gov.au/>

²⁵ Sama heimild

²⁶ Queensland Government. „The Law. Prostitution and the Law in Queensland“. (Sótt 15. apríl 2008) <http://www.pla.qld.gov.au/theLaw/default.htm>

²⁷ Hér er til dæmis tekið fram að ekki megi gefa leyfi fyrir vændishúsarekstri ef svæðið er innan við 200 m frá íbúðar byggingu, stað sem notaður er til helgihalds, sjúkrahúsi, skólum, leikskólum eða nokkrum þeim stað sem sóttur er í miklum mæli af börnum. Þá má ekki veita leyfi til reksturs vændishúss í bæ þar sem íbúar eru færri en 25.000 og ekki má heldur veita leyfi til vændishúsarekstur ef fleiri en 5 herbergi vændishússins eru ætluð til kynlífsþjónustunnar.

64. (1) gr. Prostitution Act 1999. (Sótt 14. apríl 2008)

<http://www.legislation.qld.gov.au/LEGISLTN/CURRENT/P/ProstitutA99.pdf>

fangelsi allt að einu ári finnist einstaklingur inni á vændishúsi sem ekki hefur leyfi eða sé gripinn við það að koma frá slíkum stað eða ef hann er á leiðinni inn í slíkan stað skv. 69. (1) gr. Skv. 73. gr. má hvorki falbjóða sig opinberlega né þiggja slíkt boð og skv. 77. gr. má ekki neyða neinn til vændis. Þá fjallar 78. gr. um reglur inni á vændishúsunum t.d. að þar megi ekki starfa fleiri en 10 starfsmenn. Skv. 82. gr. má hver einstaklingur ekki reka fleiri en eitt vændishús á hverjum tíma og þá má ekki bera fram vín á vændishúsi skv. 83. gr. Skv. 89. gr. má vændishús ekki hafa starfsmenn sem sýktir eru af kynsjúkdómi og vændiskonur megi ekki sinna starfi sínu án þess að nota getnaðarvörn skv. 91. gr. Loks fjallar 93. gr. um það að ekki megi auglýsa vændi nema samkvæmt sérstöku leyfi.²⁸ Það gilda því strangar reglur um hvað gerast megi innan vændishúsanna í Queensland.

4.1.2 Nýja-Suður-Wales

Í Nýju-Suður-Wales gilda lög um vændi frá 1988 (Summary Offences Act 1988).²⁹ Þar er í fyrsta lagi ólöglegt að lifa á vændi annarra, þó að einstaklingar sem eigi eða reki vændishús séu þar undanþegnir.³⁰ Í öðru lagi er ólöglegt að orsaka eða hvetja til vændis.³¹ Í þriðja lagi er ólöglegt að nota land eða athafnasvæði, eða leyfa að land eða athafnasvæði sé notað fyrir vændi sem dulbúið er sem nuddstofur, ljósmyndunarstúdíó eða annað því um líkt.³² Þá er ólöglegt að auglýsa vændisstaði eða starf vændiskvanna.³³ Í fimmta lagi er ólöglegt að falbjóða sig eða falast eftir vændi í eða þaðan sem útsýni er frá skólum, kirkjum, sjúkrahúsum eða því um líku.³⁴ Hvergi er hins vegar í lögnum minnst á að götuvændi sé bannað.

4.1.3 Vestur-Ástralía

Í Vestur-Ástralíu var í fjölda ára óformlega staðfest fyrirkomulag milli lögreglunnar og vændishúsarekenda sem kallaðist „aðhaldsstefna lögreglunnar“ (e. the police containment

²⁸ Prostitution Act 1999. (Sótt 14. apríl 2008)
<http://www.legislation.qld.gov.au/LEGISLTN/CURRENT/P/ProstitutA99.pdf>

²⁹ Summary Offences Act 1988. (Sótt 16. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/soa1988189/

³⁰ 15. gr. Sama heimild.

³¹ 15.A gr. Sama heimild.

³² 16. og 17. gr. Sama heimild.

³³ 18. og 18.A gr. Sama heimild.

³⁴ 19. og 19.A gr. Sama heimild.

policy) sem leyfði vændishúsum að starfa með samþykki lögreglu og samkvæmt skilyrðum hennar. Þessi stefna ríkti formlega frá 1975 en áður óformlega, sem venjuréttur, í yfir 100 ár. Skylda var að vændishúsin væru laus við eiturylf og áfengi, að þar störfuðu einungis kvenmenn og bannað var að ráða unglinga til vinnu. Þá þurftu starfsmenn að vera skráðir hjá lögreglunni og sæta reglulegu heilbrigðiseftirliti. Stefna þessi var endurskoðuð mörgum sinnum, m.a. vegna þess hversu óskýr hún var og þar sem hana skorti lagalegan grundvöll. Þá stuðlaði hún að spillingu.³⁵ Árið 2000 féll lögreglustjórnin í Vestur-Ástralíu frá þessari tilhögun og hefur vændisiðnaðurinn verið meira og minna reglulaus síðan. Ýmis athafnasemi, svo sem að stunda vændi sér til framfærslu, reka vændishús og falbjóða sig voru þó enn brot samkvæmt ákvæðum annarra laga, svo sem lögreglulaga frá 1892 (Police Act 1892) og almennra hegningarlaga fyrir Vestur-Ástralíu (Criminal Code (WA)) þangað til 2004 að þeim var breytt.³⁶

Árið 2000 gengu ný vændislög (Prostitution Act 2000) í gildi í Vestur-Ástralíu. Þau fást aðallega við götuvændi, brot er varða börn í tengslum við vændi og auglýsingu vændis. Þá veita þau lögreglunni rannsóknar- og eftirlitsvald. Árið 2003 lagði þáverandi ríkisstjórn fram frumvarp á þingi um eftirlit með vændi (the Prostitution Control Bill 2003). Samkvæmt því átti að stofna nefnd til að stýra vændi (e. prostitution control board), setja kerfi leyfisveitinga og afnema bann við vændi. Frumvarpið náði ekki fram að ganga þar sem þinghaldi var frestað vegna kosninga. Einnig var talið að það hefði ekki hlotið samþykki meirihluta þingsins.³⁷

4.1.4 Viktoría

Vændislöggjöf Viktoríufylkis frá 1994 (Prostitution Control Act 1994) gerir ráð fyrir tvískiptu leyfiskerfi fyrir sex herbergja vændishús þó svo að fjöldi stærri vændishúsa, sem til voru fyrir gildingu laganna, hafi sjálfkrafa fengið leyfi til að halda áfram starfsemi. Lítil einkarekin vændishús geta starfað löglega án leyfa. Þeir sem starfa við persónulega

³⁵ „Prostitution Law Reform for Western Australia. Report of the Prostitution Law Reform Working Group“ 2007 Published by the Attorney General, Perth WA. Bls. 14. (Sótt 17. apríl 2008)
http://www.scarletalliance.org.au/library/wa_lwp_07

³⁶ Þetta var gert með Criminal Law Amendment (Simple Offences) Act 2004. Sama heimild, bls. 14.

³⁷ Sama heimild, bls. 15.

fylgdarþjónustu þurfa að vera skráðir og fylgdarþjónusta frá vændishúsum er einnig leyfileg.³⁸

Lögin hafa m.a. þann tilgang að vernda börn gegn hagnýtingu á kynlífi þeirra sem og þvingunum, koma í veg fyrir að glæpamenn tengist kynlífsiðnaðinum, setja reglur um leyfisveitingar til vændishúsareksturs, sjá til þess að vændishús séu ekki rekin í íbúðabyggð eða nálægt stöðum sem börn sækja; enn fremur að sjá til þess að hver og einn einstaklingur reki aðeins eitt vændishús í einu, hámarka vernd vændiskvenna og kúnna þeirra gegn ýmsum heilsuspillandi þáttum, hámarka vernd vændiskvenna gegn ofbeldi og hagnýtingu og sjá til þess að eftirlitsmenn, lögregla, fólk í heilbrigðisgeiranum og félagsráðgjafar hafi aðgang að vændishúsum til eftirlits.³⁹ Götuvæandi er ólöglegt í Viktoríu fylki þótt það sé þar enn mikið vandamál.⁴⁰

4.1.5 Tasmanía

Í Tasmaníu gilda lög frá 2005 um vændi (Sex Industry Offences Act 2005) sem ætlað er að setja hömlur á starfsemi vændisiðnaðar í þeim tilgangi að vernda börn og vændisstarfsmenn fyrir hagnýtingu og tryggja almannaheilbrigði.⁴¹ Lögin banna einstaklingum að reka fyrirtæki í kynlífsiðnaði (4. gr.), eða þiggja kynlífsþjónustu sem er viðskiptalegs eðlis (5. gr.), banna að ráðist sé á vændiskonu, henni hótast eða boðin eiturlyf (7. gr.), banna að bjóða eða falast eftir vændi á opinberum stað (8. gr.), banna að bendla börn við vændi (9. gr.), banna að þiggja eða veita kynlífsþjónustu án þess að notuð sé getnaðarvörn (12. gr.) og banna ástundun vændis ef börn eru nærri (11. gr.).⁴² Ekki er ólöglegt fyrir vændiskonur að starfa einar og sér og fylgdarþjónusta er ekki ólögleg heldur enda er vændi fylkisins algengast í þeirri mynd.⁴³

³⁸ „Queensland’s Prostitution Licensing Authority (PLA). Summary of Laws.“ (Sótt 26. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/pdf/australia.pdf>

³⁹ 4. gr. Prostitution Control Act 1994. Version No. 056. (Sótt 26. apríl 2008)
[http://www.legislation.vic.gov.au/Domino/Web_Notes/LDMS/PubLawToday.nsf/95c43dd4eac71a68ca256dde00056e7b/81AE366ED4C5D595CA25730800251699/\\$FILE/94-102a056.pdf](http://www.legislation.vic.gov.au/Domino/Web_Notes/LDMS/PubLawToday.nsf/95c43dd4eac71a68ca256dde00056e7b/81AE366ED4C5D595CA25730800251699/$FILE/94-102a056.pdf)

⁴⁰ 12-13. gr. sömu laga.

⁴¹ Sex Industry Offences Act 2005. „Formáli.“ (Sótt 24. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/tas/consol_act/sioa2005253/

⁴² Sex Industry Offences Act 2005. (Sótt 24. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/tas/consol_act/sioa2005253/

⁴³ „Inquiry into Prostitution. Final Report. Ninth Report of the Social Development Committee.“ Third session – Forty Eighth Parliament 1995-6. Bls 30. (Sótt 27. apríl 2008)

4.1.6 Suður-Ástralía

Allt vændi í Suður-Ástralíu er ólöglegt. Árið 2001 var umræða á þingi Suður-Ástralíu um frumvarp til vændislöggjafar (Prostitution (Regulation) Bill) sem miðaði að því að lögleiða vændi með áherslu á leyfisveitingar. Frumvarpinu var hafnað. Vændi er því stjórnað af hegningarlögum frá 1953 og 1935 (Summary Offences Act 1953 og Criminal Law Consolidation Act 1935). Þau fyrri banna t.d. einstaklingum að falast eftir vændi á opinberum stöðum (25. gr.), banna hagnýtingu vændis hvort sem er sem þriðji aðili eða auglýsandi (25A. gr.), banna ástundun vændis sér til framfærslu (26. gr.) og banna allan rekstur vændishúsa (28.- 29. gr.).⁴⁴ Hin síðari banna að einstaklingur sé hvattur eða neyddur til þess að stunda vændi (66. gr.), að einstaklingi sé boðin vinna við slíka persónulega þjónustu (67. gr.) og notkun barna í kynlífsþjónustu (68. gr.).⁴⁵

4.1.7 Norðursvæðið

Á Norðursvæðinu gilda lög um vændi frá 1992 (Prostitution Regulation Act 1992). Áður en þau komu til gildi kerfi þar sem fylgdarþjónusta var leyfð en háð reglugerð lögreglunnar. Það jók hins vegar möguleika á spillingu og því var lagður þessi lagalegi grundvöllur. Lögin setja aðallega reglur um fylgdarþjónustuskrifstofur. Forstöðumenn slíkra skrifstofa þurfa leyfi frá ákveðinni leyfisnefnd (Escort Agency Licensing Board).⁴⁶ Rekstur vændishúsa og götuvændi er hins vegar refsiverð háttsemi (4. gr. og 10. gr.) og þar af leiðandi öll þvingun kvenna til vændis og öll aðkoma barna að slíkum iðnaði (11.-18. gr.).⁴⁷ Fylgdarþjónustuskrifstofur þurfa að tryggja að starfsmenn hafi vottorð frá lögreglustjóra. Þeir sem hafa síðastliðin 10 ár gerst sekir um ofbeldisfulla hegðun eða eiturfjábrot fá ekki slík vottorð. Þetta er gert til að útiloka

<http://www.parliament.sa.gov.au/NR/rdonlyres/B48AE49B-FD48-4547-BE5E-58DCCDBD3682/4694/09threportinquiryintoprostitutionfinalreportpt1.pdf>

⁴⁴ Summary Offences Act 1953. (Sótt 26. apríl 2008)

http://www.austlii.edu.au/au/legis/sa/consol_act/soa1953189/

⁴⁵ Criminal Law Consolidation Act 1935 (Sótt 26. apríl 2008)

http://www.austlii.edu.au/au/legis/sa/consol_act/clca1935262/

⁴⁶ „Inquiry into Prostitution. Final Report. Ninth Report of the Social Development Committee.“ Third session – Forty Eighth Parliament 1995-6. Bls 32. (Sótt 27. apríl 2008)

<http://www.parliament.sa.gov.au/NR/rdonlyres/B48AE49B-FD48-4547-BE5E-58DCCDBD3682/4694/09threportinquiryintoprostitutionfinalreportpt1.pdf>

⁴⁷ Prostitution Regulation Act. (lögin hafa ekki ártal) (Sótt 27. apríl 2008)

http://www.austlii.edu.au/au/legis/nt/consol_act/pr317/

eiturlyf frá vændisiðnaðinum. Kjósi einstaklingur að starfa einn, ekki á umboðsskrifstofu fylgdarþjónustu, þarf hann ekki leyfi.⁴⁸

4.1.8 Ástralska höfuðborgarsvæðið

Á höfuðborgarsvæðinu (ACT-Australian Capital Territory) gilda lög frá 1992 (The Prostitution Act 1992) en þau eru skýrasta dæmið í Ástralíu um vændi sem nýtur lagaverndar. Þótt ýmsir þættir laganna fjalli um heilbrigðisskilyrði og notkun getnaðarvarna, setja lögín lágmarks hindranir á kynlífsiðnaðinn. Vændishúsarekstur, hagnýting vændis, ástundun vændis sér til framfærslu og útvegún einstaklinga til að stunda vændi er allt saman leyfilegt í ACT. Götuvændi er þó bannað. Samkvæmt lögnum þurfa bæði vændishús og fylgdarþjónustuskrifstofur að skrá sig hjá svokallaðri skrásetningarskrifstofu vændishúsa (Registrar of Brothels).⁴⁹

4.2 Áhrif lögleiðingar vændis í Viktoríufylki

Kostir og gallar þess að vændi skuli stjórnað með reglum og leyfisveitingum hafa verið raktir hér að ofan í kaflanum um mismunandi leiðir til vændislöggjafar. Hér verður þó skoðuð gagnrýni á vændislöggjöf þá sem gildir í Viktoríufylki í Ástralíu. Í grein sinni „Lögleiðing: Ástralska tilraunin“ („Legalization: The Australian Experiment“) gagnrýna þær Mary Lucille Sullivan og Sheila Jeffreys lögleiðingu reksturs vændishúsa í Viktoríufylki. Þær segja að mikil aukning hafi orðið, bæði í hinum löglega og hinum ólöglega geira kynlífsiðnaðarins síðan lögín tóku gildi og auk þess hafi mansal á konum aukist til muna til að mæta eftirspurninni eftir greiddri kynlífsþjónustu. Þetta gefi til kynna að lögleiðingin hafi ekki náð þeim tilætlaða árangri að draga úr þeim skaða sem vændi hefur í för með sér, draga úr glæpsamlegri þátttöku í vændi og hafa stjórn á útpenslu iðnaðarins. Lögleiðingin virðist - nú tæpum tuttugu árum síðar - hafa haft þveröfug áhrif við það sem ætlað var.⁵⁰

Þegar umræður hófust árið 1984 í nýkjörinni ríkisstjórn Viktoríufylkis um að lögleiða vændi, var litið á það sem persónulega kynlífshegðun milli fullorðinna einstaklinga sem veitt hefðu samþykki sitt við athöfninni og ætti slík hegðun því ekki að vera refsiverð þó peningar

⁴⁸ „Inquiry into Prostitution. Final Report. Ninth Report of the Social Development Committee.“ Third session – Forty Eighth Parliament 1995-6. Bls 32. (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.parliament.sa.gov.au/NR/rdonlyres/B48AE49B-FD48-4547-BE5E-58DCCDBD3682/4694/09threportinquiryintoprostitutionfinalreportpt1.pdf>

⁴⁹ Sama heimild, bls. 32.

⁵⁰ Sullivan og Jeffreys 2002:1140.

væru í spilinu. Lögleiðingin átti þó ekki að sýna fram á algjört samþykki við kynlífsiðnaðinum heldur takmarka hin skaðlegu áhrif hans. Bann við vændi virtist heldur ekki koma í veg fyrir aukningu götuvændis eða glæpsamlega þátttöku í kynlífsgeiranum. Lögleiðingin átti meðal annars að draga úr kynsjúkdómum fyrir bæði vændiskonurnar og kúnnana. Sullivan og Jeffreys segja hins vegar að lögleiðingin hafi haft ný vandamál í för með sér; t.d. hafi sífellt þurft að lagfæra löginn þar sem ógrynni af ófyrirséðum atriðum hafi komið upp á yfirborðið en slíkt gerist þegar litið sé á vændi sem viðskiptalegt kynlíf eingöngu. Þær segja að meðal þessara atriða sé að börn leiðist út í vændi, mansal á konum og hagnýting og misnotkun á konum í iðnaðinum. Eftir því sem iðnaðurinn þenjst út, verði til fjölbreyttari leiðir fyrir menn til að misnota konur kynferðislega. Engin lögleiðing geti séð fyrir allar þær leiðir sem kynlífsiðnaðurinn finni til að græða peninga. Skaði vændis þróist þannig og breytist og finni sér nýjan farveg og því þurfi stöðugt að endurskoða lög um vændi.⁵¹

Þær Sullivan og Jeffreys benda þá á að þótt talið hafi verið að löggjöfin myndi draga úr vændi í Viktoríufylki hafi hún í raun leitt til mikillar útþenslu. Dagblaðið „Age“ í Viktoríu hafi gefið út rannsóknarskýrslu árið 1999 sem sýndi að fyrir 10 árum hafi lögleg vændishús verið 40 talsins en séu nú 94 og 84 umboðsskrifstofur í fylgdarþjónustu. Í hverri viku eyði karlmenn í Viktoríu um 7 milljónum dollara í vændi sem þýði að ársvelta hins löglega iðnaðar sé um 360 milljónir dollara. Enda þótt hin löglega vændishús séu um 100 talsins er tala hinna ólöglegu komin upp í 300 og fer ólöglegur iðnaður því verulega fram úr hinum löglega. Sumir telja að talan sé mun hærri á hinum ólöglega markaði þar sem erfitt sé að rannsaka hann.⁵² Þá hafi iðnaðurinn teygst arma sína víða í gegnum internetið.⁵³

Sullivan og Jeffreys benda á að í augum kvenréttindasinna hafi sterkustu rökin til styrktar lögleiðingu vændis verið þau að hætti það að vera ólöglegt myndu vændiskonur vera frjálsari að því að velja starfsskilyrði sín og viðskiptamenn og geta krafist viss staðals í heilbrigðis- og öryggismálum. En lögleiðingin, segja þær, er langt frá því að fela vændiskonum slíkt vald þar sem nokkrir stórtækir stjórnendur ráða markaðnum. Þessu valdi misbrestur í starfsemi leyfisveitingaskrifstofunnar (The Prostitution Control Board) sem hafi ekki nægilegt eftirlit með leyfisveitingum. Enda þótt hver einstaklingur megi einungis eiga eða reka eitt vændishús

⁵¹ Sama heimild, bls. 1141.

⁵² Sama heimild, bls. 1142.

⁵³ Sama heimild, bls. 1143.

í einu séu þess víða dæmi að einn og sami einstaklingurinn eigi allt að sex vændishús. Erfitt sé fyrir vændiskonurnar sjálfar að keppa við slíka eigendur og stofna eigin vændishús.⁵⁴ Einu leiðirnar fyrir þær séu því að koma sér upp lítilli starfsemi á iðnaðarsvæðum eða í kringum skipakvíar sem geri þær berskjaldaðar fyrir ofbeldi, hræðslu og einangrun. Þá þurfi þær að gefa upp hvers kyns starfsemi þær reki við leigusala sem fyrir vikið blási oft upp leigu. Geta kvenna til að stjórna eigin starfsumhverfi sé því í raun í lágmarki og leiðist þær því oft út í að stunda hið ólöglega götuvæandi sem fari sívaxandi.⁵⁵

Þá átti lögleiðingin að útrýma skipulagðri glæpastarfsemi í vændisheiminum en það snerist upp í andstæðu sína. Eigandi eins vændishúss í Melbourne var til að mynda ákærður fyrir að ráða til sín stúlkur á aldrinum 10 til 15 ára en hann hefur áður verið dæmdur til tveggja ára fangelsis fyrir samskonar brot. Mansal kvenna og stúlkna til vændis hefur líka aukist gífurlega. Menn í kynlífsiðnaðinum hafa verið bendlaðir við stórtæk alþjóðleg kynlífsviðskipti á konum sem stjórnað er af ýmsum glæpasamtökum. Dæmi eru af kaupskýslumanni í Melbourne sem flutti til landsins 40 samningsbundnar thailenskar konur, tók af þeim vegabréf og hirti tekjur þeirra þar til samningurinn var útrunninn. Hálfur þriðji tugur asískra vændiskvenna fannst við samskonar aðstæður í einu af hinum löglegu vændishúsum Melbourne. Talið er að fleiri hundruð kvenna hafi verið seldar til vændis í Sydney þar sem þær vinni á fölskum pappírurum við aðstæður sem minni helst á þrælabúðir.⁵⁶ Sullivan og Jeffreys taka dæmi af störfum samtakanna Amnesty International í vændismálum í Ástralíu en þau unnu m.a. að máli þar sem tvítug stúlka hafði drukknað í eigin ælu. Hún hafði verið flutt mansali til Ástralíu þegar hún var 12 ára og hafði unnið við vændi síðan.⁵⁷

Þær Sullivan og Jeffreys komast að þeirri niðurstöðu að reynsla Viktoríufylkis sýni að ómögulegt sé að skilja að ýmsar tegundir vændis og reyna að lögleiða hluta þess. Lögleiðing hafi það í för með sé að allir geirar iðnaðarins dafni. Glæpamenn sem stundi mansal kjósi þá að vinna í umhverfi þar sem vændishúsarekstur er leyfilegur og löggjöfin henti þeim því vel. Þær efast því um að hægt sé á nokkurn hátt að gera vændi að öruggum og álitlegum iðnaði.⁵⁸

⁵⁴ Sama heimild, bls. 1144.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 1144-1145.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 1145.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 1146.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 1146-1147.

5. Vændi á Íslandi

5.1 Vændislög á Íslandi

Beinum þá sjónum að íslensku löggjöfinni um vændi. Refsiákvæði um vændi á Íslandi er að finna í hinum Almennu hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940, með síðari breytingum. Þar segir í 206. grein laganna:

- [1. mgr.] Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.
- [2. mgr.] Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis.
- [3. mgr.] Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis.
- [4. mgr.] Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.
- [5. mgr.] Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annanmann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.⁵⁹

Ákvæðinu var breytt til þessa horfs með lögum nr. 61 frá 27. mars 2007.⁶⁰ Helsta breytingin var sú að refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu féll niður og við bættist bann við að bjóða fram eða óska eftir kynmökum gegn greiðslu með opinberri auglýsingu. Auk þess breyttist orðalag lítið eitt, t.d. vék hugtakið „lauslæti“ fyrir hugtakinu „vændi“ og „ungmenni“ fyrir „barni“.

⁵⁹ 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

⁶⁰ Greinin hafði verið svona fyrir breytingu:

- „[1. mgr.] Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.
 - [2. mgr.] Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.
 - [3. mgr.] Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.
 - [4. mgr.] Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.
 - [5. mgr.] Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.”
13. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 40 frá 26. maí 1992.

Þá er tekið fram í 4. mgr. 202. gr. hegningarlagna að hver sem greiði barni „[...]yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök [skuli] sæta fangelsi allt að 2 árum.“⁶¹

Þetta eru þær lagagreinar sem fjalla um vændi á Íslandi en einnig er að finna reglur um vændi í hinum ýmsu alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og verða þeir skoðaðir síðar í ritgerðinni. Hér verður næst farið í forsögu laga nr. 61 frá 27. mars 2007 og skoðaðar ástæður þær er lágu að baki breytingunni.

5.2 Forsaga laga nr. 61 frá 27. mars 2007

Á 133. löggjafarþingi 2006-2007 var eins og áður sagði lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafli almennu hegningarlagna nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Þar var gerð tillaga um að sala vændis yrði gerð leyfileg þ.e. að refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu félli niður. Þá yrði og lögfest að refsinaemt væri að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan einstakling gegn greiðslu með opinberum auglýsingum. Í lögnum var haldið þeirri reglu að þriðji aðili mætti ekki hafa atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra.⁶²

Frumvarp þetta hafði verið lagt fram á 132. löggjafarþingi en ekki náð fram að ganga og var því lagt fram að nýju óbreytt. Aðdragandi frumvarpsins var sá að Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hafði farið þess á leit við Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að hún semdi frumdrög að frumvarpi um breytingu á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992 með síðari breytingum. Ákvæði þessa kafla eiga það sameiginlegt að varða kynlíf fólks og veita athafnafrelsi á því sviði vernd og er þeim skipt í fjóra flokka í greinargerð frumvarpsins. Þar er í fyrsta lagi nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks sem finna má í 194.-199. gr. Í öðru lagi eru það kynferðisbrot gegn börnum í 200. -202. gr. Þriðji flokkurinn er vændi sem er í 206. gr. og sá fjórði inniheldur brot gegn blygðunarsemi og klám sem er í 209. og 210. gr.⁶³ Hér verður einungis fjallað um það sem hér telst falla undir þriðja flokkinn, þ.e. vændi. Í bréfi

⁶¹ 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

⁶² Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. 12. gr. frumvarps, bls. 2-3.

⁶³ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 5.

dómsmálaráðherra til Ragnheiðar kom fram að endurskoða ætti meðal annars 206. grein hegningarlagna, sem fjallar um vandi og var tekið fram að taka ætti mið af þróun á alþjóðavettvangi og íslenskri lagahefð. Þá yrði endurskoðunin að byggja á traustum refsiréttarlegum grunni.⁶⁴

Frumdrögin byggðust í fyrsta lagi á rannsóknum Ragnheiðar á ákvæðum kynferðisbrotakaflans, bæði löggjöfni og framkvæmd hennar. Til þessara rannsókna taldist könnun á dómum Hæstaréttar, greining þeirra og samanburður, á síðustu áratugum. Í öðru lagi var litið til annarra landa og skoðuð löggjöf um kynferðisbrot einkum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Englandi og Írlandi. Í þriðja lagi voru frumdrögin byggð á upplýsingum sem fram höfðu komið í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum um umfang og eðli brota af þessu tagi á Íslandi. Þá leitaði höfundur til aðila sem starfað höfðu með þolendum slíkra brota. Með þessar upplýsingar að leiðarljósi var leitast við að móta frumvarpið á þann hátt að þjónaði best hagsmunum þolenda kynferðisbrota sem oftast væru konur og börn.⁶⁵ Þann 14. febrúar lagði dóms- og kirkjumálaráðherra frumvarpið fyrir ríkisstjórn Íslands til kynningar.⁶⁶

Í upphafi 10. áratugar síðustu aldar höfðu ákvæði XXII kafla almennra hegningarlagna nr. 19/1940 verið endurskoðuð en þá höfðu þau staðið óbreytt frá setningu þeirra. Var sú endurskoðun ekki síst gerð fyrir áhrif kvannahreyfingarinnar hér á landi.⁶⁷ Þá hafði verið uppi gagnrýni á meðferð nauðgunarmála og eftir skýrslu svonefndrar nauðgunarmálanefndar⁶⁸ voru gerðar ýmsar tillögur til úrbóta á lögunum og þeim síðan verulega breytt. Þær breytingar sem hér skipta máli eru að lögin voru gerð ókynbundin en áður voru það einungis konur sem nutu refsiverndar og gátu verið þolendur og einungis karlmenn gátu verið gerendur. Með breytingunni gátu bæði kynin nú verið gerendur og þolendur. Einnig var refsihámarkið fyrir

⁶⁴ Sama heimild, bls. 3.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 3.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 3-4.

⁶⁷ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 4.

⁶⁸ Alþingi samþykkti hinn 22. maí 1984 þingsályktunartillögu um að fela dómsmálaráðherra að skipa fimm manna nefn sem kanna ætti hvernig háttáð væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina: Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismað, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing og Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa. Ritari nefndarinnar var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. 745. Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940. 425. mál. Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989-90. „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.“

væandi og hagnýtingu þess hækkað úr tveimur árum í fjögur.⁶⁹ Í greinargerðinni 2006-2007 er jafnframt tekið fram að breytingarnar eigi rætur að rekja til breyttra viðhorfa í þjóðfélaginu sem og réttarþróunar í nágrennaríkjunum.⁷⁰ Hins vegar séu ekki dæmi þess í dómasafni Hæstaréttar að karlmenn hafi verið þolendur nauðgunar af hálfu kvenna og því sé oftast talað um konur áfram sem þolendur til að leggja áherslu á hverjir þolendur brotanna eru fyrst og fremst.⁷¹

Frá 1992 voru gerðar nokkrar breytingar á kynferðisbrotakafli laganna; þær lutu einkum að refsivernd barna og var þ.á.m. bætt við 202. gr. laganna með lögum nr. 14/2002 um að hver sem greiði barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skuli sæta fangelsi allt að 2 árum.⁷²

Frá því að lög nr. 40/1992 tóku gildi hefur vitneskja um kynferðisbrot aukist verulega og því komið fram vaxandi gagnrýni á sum ákvæði laganna sem þóttu oft ekki veita þolendum næga réttarvernd sem og að þar voru talin leynast gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Því var með frumvarpinu 2006-2007 reynt að gera lagagreinarnar einfaldar og skýrar, auka réttarvernd kvenna og barna, gera lögin nútímalegri og ekki síst að tryggja að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings væru virt.⁷³

Í 206. gr. hgl., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992 var það ákvæði að finna er fjallaði um refsíabyrgð vegna vændis. Í því ákvæði var annars vegar ástundun vændis sér til framfærslu refsiverð og hins vegar hagnýting vændis. Þá var og ásetningur sagnæmisskilyrði samkvæmt 18. gr. hegningarlaganna. Ástundun vændis sér til framfærslu varðaði fangelsi allt að tveimur árum en allt að fjórum árum fyrir hagnýtingu þess. Var refsilágmark ekki tekið fram og þar af leiðandi gildi ákvæði 34. gr. laganna um 30 daga fangelsi sem lágmarksrefsingu. Þess ber að geta að lögin kváðu á um að væandið væri einungis refsivert ef það var stundað gerandanum til

⁶⁹ Sama heimild, „Um 13. gr.“

⁷⁰ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 4.

⁷¹ Sama heimild, bls. 4.

⁷² Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum) nr. 14 frá 27. febrúar 2002.

⁷³ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 4-5.

framfærslu. Því var ekki refsivert að stunda vændi í eitt og eitt skipti svo lengi sem tekjurnar af því voru ekki verulegur hluti af framfærslu gerandans.⁷⁴

Til vændis þarf a.m.k. tvo aðila, kaupanda og seljanda. Þegar athöfn, sem er refsiverð, er fólgin í verknaði tveggja manna er talað um *concursum necessarius*. Þegar svo ber við, segir í greinargerðinni 2006-2007, er annað hvort farin sú leið í lögnum að verknaður beggja aðila er lýstur refsiverður eða þá að einungis sé tekið fram að verknaður annars sé refsiverður og ekki er minnst á verknað hins. Sé síðari leiðin valin er „[...] gagnályktað frá ákvæðinu á þann hátt að verknaður þess sem ekki er minnst á sé refsilaus. Það á við hér um 206. gr. Þáttur þess sem kaupir þjónustuna er refsilaus.“⁷⁵ Lögin hafa því verið þveröfug við hina sænsku leið, vændiskonunni er refsað en ekki kaupandanum. Erfitt hefur því verið fyrir vændiskonur að leita sér aðstoðar og þá sérstaklega aðstoðar lögreglu þar sem þess hefði verið þörf. Þess má geta að í 209. gr. hgl er ákvæði sem tiltekur að hver sá sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skuli sæta fangelsi allt að 4 árum, en allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Þetta ákvæði gæti átt við um götuvændi.⁷⁶

Hagnýting vændis var refsiverð í lögnum frá 1992 og var því ákvæði haldið inni í nýju lögnum. Með þessu ákvæði er mönnum refsað sem í hagnaðarskyni hafa milligöngu um að aðrir stundi vændi. Þessu er því beint gegn svokölluðum vændismiðlurum eða melludólgum. Það er ekki skilyrði að einstaklingur, sem lifir á vændi annars, sé virkur í skipulagningu eða framkvæmd vændisins, heldur einungis að hann taki á móti peningum, vitandi hvernig þeirra er aflað, sbr. ásetningsskilyrði 18. gr. hgl. Þá má ekki ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngri en 18 ára, til að hafa viðurværi sitt af lauslæti, hvort sem það er í hagnaðarskyni eður ei og varðar það fangelsi allt að fjórum árum líkt og fyrir hagnýtingu vændis.⁷⁷

Refsivert er skv. 3. mgr. 206. gr. gömlu laganna og 4. mgr. hinna nýju að stuðla að flutningi manns til eða frá landi í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af vændi sé viðkomandi undir 21 árs eða honum ókunnugt um tilgang fararinnar. Aldurstakmörkin eru

⁷⁴ Sama heimild, bls. 32-33.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 33.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 33.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 33.

óbreytt frá fyrri löggjöfinni enda þótt hún hafi miðað við lögræðisaldurinn sem þá var 21 ár en hefur síðan færst í 18 ár. Varðar þetta brot einnig fangelsi allt að fjórum árum.⁷⁸

Þá er refsivert að stuðla að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi kynferðismök gegn greiðslu eða geri sér lauslæti annarra að tekjulind t.d. með útleigu húsnæðis. Refsingin fyrir þetta ákvæði breyttist aðeins frá gömlu löggjöfinni. Brot geta varðað fangelsi allt að 4 árum í báðum lögnum; í gömlu löggjöfinni varðaði brotið sektum eða varðhaldi ef málsbætur voru til staðar en því var breytt í fangelsi allt að einu ári í nýju lögnum. Lögin voru þannig mildust í sambandi við sölu vændis sér til framfærslu og segir í greinagerðinni að „[m]eð því [sé] löggjafinn að leggja áherslu á að í milligöngunni [felist] misnotkun á félagslegri, andlegri eða líkamlegri neyð annarrar manneskju einkum í hagnaðarskyni.“⁷⁹

Þá var lagt til nýtt ákvæði í 206. gr. um að banna opinbera auglýsingu á vændi. Fyrirmyndin var 2. mgr. 202. gr. norsku hegningarlaganna og átti ákvæðið að draga úr sýnileika vændis. Auglýsing telst opinber birtist hún í fjölmiðlum eða utan húss t.d. á auglýsingaskiltum eða í návist fjölda fólks, t.d. á opnum fundum. Tekur ákvæði þetta til einstaklinga en ekki lögaðila; ákvæðið tekur til háttsemi manneskjunnar sem býður fram kynmök, miðlar þeim eða óskar eftir þeim. Skv. 22. gr. alm. hgl. er hlutdeild refsiverð og því gæti starfsmaður hjá fjölmiðli sem tekur við auglýsingu til birtingar orðið ábyrgur fyrir hlutdeild í brotinu.⁸⁰

Samkvæmt 208. gr. hegningarlaganna má svo þyngja refsínu fyrir brot á 206. gr. um allt að helming hafi viðkomandi áður brotið á þeirri grein eða verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot en þá þarf ítrekunarskilyrðum 71. gr. alm. hgl. að vera fullnægt.⁸¹

Þegar ákvæðum kynferðisbrotakafans var breytt árið 1992 höfðu verið uppi umræður um hvort halda ætti áfram að refsa fólki fyrir að stunda vændi sér til framfærslu. Meirihluti allsherjarnefndar taldi að svo ætti að vera og hélt refsínæmið því áfram í lögnum. Minnihlutinn sem vildi afnema ákvæðið benti á að flestir sem stunduðu vændi gerðu það í mikilli neyð t.d. vegna fíkniefnaneyslu. Vændiskonur væru auk þess ólíklegri til að kæra

⁷⁸ Sama heimild, bls. 34.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 34.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 49.

⁸¹ Sama heimild, bls. 34.

kynferðislega misnotkun ef sala vændis væri bönnuð og þá væri óeðlilegt að refsa bara seljanda en ekki kaupanda.⁸²

Enn hafa umræður um vændi aukist í þjóðfélaginu og nú helst vegna aukins sýnileika þess t.d. vegna netvæðingarinnar. Rannsóknir⁸³ hérlandis sýndu að vændi væri víða að finna í hinum ýmsu myndum, t.d. væri vændi unglinga í vímuefnaneyslu töluvert sem og vændi á nektardansstöðum. Í kjölfar þessa umræðna voru nokkrum sinnum lögð fram frumvörp til breytinga á 206. gr. hgl sem meðal annars kváðu á um að taka ætti upp hina sænsku leið og banna kaup á vændi og fella niður refsingu við því að stunda vændi sér til framfærslu.⁸⁴ Frumvörp þessi náðu ekki fram að ganga og var Ísland á tímabili hið eina af Norðurlöndunum sem enn bannaði ástundun vændis sér til framfærslu.⁸⁵

Breytingarnar 2007 náðu hins vegar fram að ganga og var ákvæðið um bann við sölu vændis tekið úr lögum. Í greinargerðinni segir að ástæðan hafi einna helst verið sú að það væri ekki í samræmi við nútímaviðhorf að refsa fyrir háttsemi fullorðinna aðila þegar hvorugur er þvingaður til verksins. „Þessi afstaða er byggð á því sjónarmiði að vændi eigi að vera frjálst og viljabundin athöfn út frá viðskiptalegu sjónarmiði.“⁸⁶ Fólki eigi að vera frjálst að selja líkama sinn til kynlífs líkt og því sé frjálst að selja aðra líkamlega og andlega vinnu sína. Þá náði frumvarpið einnig fram að ganga vegna þeirrar áherslu sem lögð var á, að flestir sem stunda vændi sér til framfærslu væru illa settir andlega, félagslega og líkamlega og væru þolendur sjálfir sökum t.d. fátæktar og fíkniefnaneyslu. Því ætti frekar að veita þessum einstaklingum aðstoð en að refsa þeim.⁸⁷ Þá var það ekki talið hvetja til háttseminnar að lögleiða sölu vændis heldur væri hér einungis verið að hjálpa þolendunum svo að þeir ættu auðveldara með t.d. að kæra kynferðisleg brot og bera vitni gegn melludólgum. Að lokum var

⁸² Sama heimild, bls. 34.

⁸³ Þessar rannsóknir eru þrjár skýrslur um vændi sem gerðar voru frá 2000-2002 fyrir dómsmálaráðuneytið. Sama heimild, bls. 35.

⁸⁴ Hér má nefna frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi 2003-2004 sbr. þskj. 38 – 38. mál og frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lagt var frá á 135. löggjafarþingi 2007-2008 sbr. þskj. 207 – 192. mál. Þau mæltu bæði með sænsku leiðinni og hið fyrra með því að fella niður refsingu við sölu vændis sér til framfærslu. Þá var frumvarp um að fella niður refsingu við sölu vændis sér til framfærslu lagt fram á 132. löggjafarþingi 2005-2006 sbr. þskj. 1048 – 712. mál.

⁸⁵ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 35.

⁸⁶ Sama heimild, bls. 35.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 35.

tekið á sýnileika vændis með því að banna opinberar auglýsingar þess og auk þess átti 209. gr. hgl. að koma í veg fyrir götuvændi.⁸⁸

5.3 Vændi í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að

Á síðustu áratugum hafa kynferðisbrot verið í auknum mæli til umræðu á alþjóðlegum vettvangi og er Ísland aðili að hinum ýmsu alþjóðasamningum um vændi. Hér verður dregið á ákvæðum slíkra samninga sem fjalla um vændi og ýmissri annarri starfsemi á alþjóðavettvangi sem miðar að því að sporna gegn hagnýtingu á kynferðisþjónustu og mansali til vændis. Upptalningin er langt frá því að vera tæmandi enda gífurlega mikið verið gert til að koma í veg fyrir slíka starfsemi.

Fyrst ber að nefna tvo samninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt. Þetta er annars vegar samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem allsherjarþingið samþykkti með ályktun nr. 34/180 frá 18. desember 1979. Hann tók gildi 3. september 1981, var undirritaður fyrir Íslands hönd í júlí 1980, fullgiltur með ályktun Alþingis 13. júní 1985 og öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 18. júlí 1995.⁸⁹ Þá var og gerð valfrjáls bókun við samninginn með samþykkt Allsherjarþingsins nr. A/54/4 þann 6. október 1999.⁹⁰ Í 6. gr. samningsins segir að aðildarríki að samningnum skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ.á.m. með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna.⁹¹

Hins vegar er svo samningurinn Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 og valfrjáls bókun við hann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám frá árinu 2000.⁹² Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu. Þann 13. maí 1992 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda bókunina, 28. október 1992 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal

⁸⁸ Sama heimild, bls. 36.

⁸⁹ Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra. 1996. 133. fundur Alþingis 6. maí 1996. (Sótt 25. apríl 2008) <http://www.althingi.is/altext/120/O5/r08144358.sgml>

⁹⁰ Optional Protocol to the Convention on the Elimination of Discrimination against women. 6. október 1999, G.A. Res. A/54/4. (Sótt 1. maí 2008) http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/opt_cedaw.htm

⁹¹ 6. gr. samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum nr. 5 frá 10. október 1985. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.althingi.is/lagas/135a/1985005.html>

⁹² Convention on the Rights of the Child. 20. nóvember 1989, G.A. Res. 44/25. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/k2crc.htm>

Íslands og öðlaðist samningurinn gildi gagnvart Íslandi 27. nóvember 1992.⁹³ Í 34. gr. samningsins segir að aðildarríki hans skuldbindi sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi og í þeim tilgangi gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða eða marghliða rástöfunum til að koma í veg fyrir að börn séu þvinguð til að taka þátt í hvers kyns ólögumætri kynferðislegri háttsemi og að þau séu notuð til vændis eða annarra ólögumætra kynferðisathafna.⁹⁴ Þá er valkvæð bókun við samning þennan, sem öðlaðist gildi hér á Íslandi 18. janúar 2002, um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Í 1. mgr. formála þeirrar bókunar segir að aðildarríki hans telji að til þess að ná enn frekar markmiðum samningsins um réttindi barnsins og koma ákvæðum hans í framkvæmd verði þau að gera frekari ráðstafanir til að tryggja að barnið njóti verndar gegn sölu, barnavændi og barnaklámi. Þau álíti að með heildarnálgun yrði auðveldara að útrýma barnavændi og þá sérstaklega með því að „[...] takast á við áhrifaþætti, þar á meðal vanþróun, fátækt, mismunandi efnahag, ójöfnuð í félagslegu og efn[a]hagslegu skipulagi, vanhæfar fjölskyldur, menntunarskort, búferlaflutninga fólks úr sveit í borg, mismunun kynjanna, óábyrga kynlífshegðun fullorðinna, skaðlegar hefðir, vopnuð átök og verslun með börn[...]”⁹⁵ Segir þá í 1. gr. bókunarinnar að aðildarríki skuli banna sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi.⁹⁶ Í bókuninni er barnavændi einnig skilgreint í 2. gr. sem „[...] notkun barns í kynlífsathöfnum gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi[...]”⁹⁷ Þá skal skv. 3. gr. bókunarinnar tryggja að sú aðgerð eða athöfn að bjóða, ná í, festa kaup á eða útvega barn vegna barnavændis skuli falla að öllu leyti undir hegningar- og refsilög aðildarríkjanna hvers um sig.⁹⁸ Að lokum segir í 3. mgr. 10. gr. að ríkin skuli “[...]stuðla að því að efla alþjóðlega samvinnu í því skyni að taka á grundvallarsökunum fyrir varnarleysi

⁹³ “Fylgiskjal við erindi Barnaheilla til stjórnarskrárnefndar.” 31. maí 2005. (Sótt 1. maí 2008)
<http://www.stjornarskra.is/Erindi/nr/1871>

⁹⁴ 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18 frá 2. nóvember 1992. (Sótt 1. maí 2008)
<http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>

⁹⁵ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18 frá 2. nóvember 1992. „Valfrjáls bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.” (Sótt 1. maí 2008)
<http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>

⁹⁶ Sama heimild, 1. gr.

⁹⁷ Sama heimild, 2. gr.

⁹⁸ Sama heimild, 3. gr.

barna, sölu á börnum, barnavændi, barnaklámi og kynlífsferðamennsku tengdri börnum, til að mynda fátækt og vanþróun.”⁹⁹

Einnig er vert að minnast á yfirlýsingu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 48/104 frá 20. desember 1993 um afnám ofbeldis gagnvart konum. Þar segir í 2. gr. að ofbeldi gegn konum felist meðal annars í líkamlegu, kynferðislegu og sálfræðilegu ofbeldi innan samfélags sem birtist í nauðgunum, kynferðislegri misnotkun, kynferðisáreitni, þvingun á vinnustað, menntunarstofnunum og annars staðar, mansali á konum og þvinguðu vændi.¹⁰⁰

Þá var gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali sem var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn sama dag en hann hefur ekki enn verið fullgiltur. Samningurinn inniheldur ítarleg ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mansali, leiðir til að draga úr eftirspurn eftir mansali, um verndun réttinda fórnarlamba, um refsilöggjöf og eflingu alþjóðlegrar samvinnu.¹⁰¹

Þá hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins komið með nokkur „tilmæli“ sem snúa í fyrsta lagi að kynferðislegri hagnýtingu á börnum og unglíngum, klámi, vændi og mansali á þeim,¹⁰² í öðru lagi að verndun kvenna gegn ofbeldi,¹⁰³ í þriðja lagi að aðgerðum gegn mansali kvenna til vændis¹⁰⁴ og í fjórða lagi að verndun barna gegn kynferðislegri hagnýtingu.¹⁰⁵

⁹⁹ Sama heimild, 10. gr.

¹⁰⁰ „Violence against women shall be understood to encompass, but not be limited to, the following: [...]Physical, sexual and psychological violence occurring within the general community, including rape, sexual abuse, sexual harassment and intimidation at work, in educational institutions and elsewhere, trafficking in women and forced prostitution[...].“
Declaration on the Elimination of Violence against Women. A/RES/48/104. 85th plenary meeting, 20 December 1993. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.un.org/documents/ga/res/48/a48r104.htm>

¹⁰¹ Council of Europe. Convention on Action against Trafficking in Human Beings. Varsjá, 16. maí 2005. (Sótt 1. maí 2008) <http://conventions.coe.int/Treaty/Commun/QueVoulezVous.asp?NT=197&CM=1&CL=ENG>

¹⁰² Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation No. R (91) 11 of the Committee of Ministers to Member States concerning Sexual Exploitation, Pornography and Prostitution of, and Trafficking in, Children and Young Adults. (Sótt 1. maí 2008)
<https://wcd.coe.int/com.instranet.InstraServlet?Command=com.instranet.CmdBlobGet&DocId=597996&SecMode=1&Admin=0&Usage=4&IntranetImage=43409>

¹⁰³ Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation Rec(2005)5 of the Committee of Ministers to member states on the protection of women against violence. (Sótt 1. maí 2008)
<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=280915&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75>

¹⁰⁴ Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation No. R (2000) 11 of the Committee of Ministers to member states on action against trafficking in human beings for the purpose of sexual exploitation.

5.4 Dómar í vændismálum

Fyrstu áratuginu eftir að almennu hegningarlögin voru sett árið 1940 komu kynferðisbrot sjaldan til kasta dómstóla og umræða um þau var næstum engin.¹⁰⁶ En þjóðfélagið breyttist, vændi jókst og þar með breyttust viðhorf til þessara mála. Ekki hefur reynt á ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl fyrir Hæstarétti en árið 2003 féll dómur í héraðsdómi Reykjaness í máli nr. S-859/2003 þar sem kona var dæmd í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 500.000 kr. sekt fyrir að stunda vændi sér til framfærslu. Hún hafði þá stundað þá starfsemi í u.þ.b. níu mánuði og haft af henni tekjur sem námu 9 milljónum króna.¹⁰⁷ Þá var sambýlismaður konunnar dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot á hagnýtingarákvæði laganna.¹⁰⁸ Loks skal getið fjögurra dóma sem gengið hafa í Hæstarétti fyrir brot á 5. mgr. 206. gr., allir frá 6. áratugnum nema einn frá 1990.¹⁰⁹

6. Lokaorð

Það er ýmislegt sem betur má fara í íslenskri löggjöf um vændi. Í hana vantar í fyrsta lagi almennilega skilgreiningu á vændi. Í skýrslu starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi á Norðurlöndum og víðar eru settir fram tveir meginþættir sem starfshópurinn telur felast í vændi; annars vegar að tiltekna kynlífsathafnir, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök, eigi sér stað og hins vegar að “[...]um sé að ræða greiðslu, eða loforð um greiðslu, eða annan ávinning fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Í þessu tilliti koma ekki

(Sótt 1. maí 2008)

<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=355371&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=&BackColorLogged=FDC864>

¹⁰⁵ Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation Rec(2001)16 on the protection of children against sexual exploitation. (Sótt 1. maí 2008):

[www.lavoro.minori.it/normativa/documenti/eu/Rec%20\(2001\)16.rtf](http://www.lavoro.minori.it/normativa/documenti/eu/Rec%20(2001)16.rtf)

¹⁰⁶ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 4.

¹⁰⁷ *Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á norðurlöndum og víðar.* 2006. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík. (Sótt 1. maí 2008)

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_vaendi_feb2006.pdf

¹⁰⁸ Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Þingskjal 20 – 20 mál. Greinargerð, bls. 33.

¹⁰⁹ Sama heimild, bls. 34.

einungis til álita beinar peningagreiðslur, heldur og ýmiss konar önnur verðmæti og ígildi peninga, svo sem húsnæði, utanlandsferðir, áfengi, fíkniefni o.fl.”¹¹⁰ Skilgreining á vændi þyrfti að innihalda slíka útlistun á því hvað teljist greiðsla, þó hér vanti enn betur skilgreiningu á því hvað teljist til kynlífsathafna, samræðis eða annarra kynlífsmaka. Til að lögregluþyrft og dómstólar geti starfað eftir bókstaf laganna þarf að vera skýrt kveðið á um í lögum hvað teljist vera brot og því er ekki til að dreifa í vændislöggjöf Íslands í dag.

Í öðru lagi eru lögin óskýr; erfitt er t.d. að segja til um hvar götuvændi gæti átt heima í ákvæðum alm. hgl. Götuvændi er ekki bannað falli það undir vændi samkvæmt 206. greininni; hins vegar getur það fallið undir hið lostuga athæfi sem særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis samkvæmt ákvæði 209. gr. en þá getur aftur á móti sumt götuvændi talist hneykslanlegt en annað ekki. Einnig væri hægt að líta á götuvændi sem opinbera lifandi auglýsingu sem þá væri bönnuð skv. 206. gr. Taka þyrfti allan vafa um þetta í löggjöfinni og setja sérstök ákvæði um götuvændi.

Mjög skiptar skoðanir eru á því um allan heim hvaða leiðir séu bestar til að ná árangri í baráttunni gegn vændi. Þó hefur ríkt einhugur um að hagnýting vændis eigi að vera refsiverð, svo og athafnir gagnvart börnum og unglíngum auk mansals. Hér verður ekki sett fram hugmynd um ákjósanlegustu leiðina fyrir Ísland til að ná árangri gegn vændi en þó virðist sem leyfisveitingar eins og finna má í sumum áströlskum fylkjum auðveldi allt eftirlit með leyfilegu vændi. Ísland lögleiðir vændiskaup og sölu sem ekki er háð neinum skilyrðum svo sem starfsleyfi. Með slíku leyfi væri betur hægt að fylgjast með tíðni vændis, hvort heldur væri aukningu eða minnkun og sjá til þess að vændiskonur sæti ýmiss konar kynsjúkdómaskoðun. Þá væri hægt að fara hina sænsku leið að hluta til og refsa ef til vill fyrir kaup á vændi af þeim sem ekki hefðu leyfi. Verið gæti að slíkt myndi draga úr mansali þar sem karlmenn myndu frekar leita til vændiskonvænna sem hefðu leyfi, frekar en hætta á refsingu fyrir að kaupa af leyfislausum konum. Þannig væri hægt að beina kaupunum að skráðum konum og auk þess væri betur hægt að rannsaka orsök vændis þeirra og aðstoða þær félagslega við að koma sér út úr vændi. Möguleikar Íslands eru margir og þó svo að vændi virðist ekki vera stórt vandamál á Íslandi í dag þá sýna nágrannalönd okkar mikla aukningu í vændi. Því er best að taka á þessu strax, bæta skilgreiningu á vændi, gera ákvæði laganna einföld og skýr og velja þá leið sem best er fyrir íslenskar aðstæður.

¹¹⁰ Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á norðurlöndum og víðar. 2006. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík. (Sótt 1. maí 2008)

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_vaendi_feb2006.pdf

Viðauki: Stutt ágríp af sögu vændis

Oft er sagt um vændi að það sé ein elsta starfsgrein í heimi og má með sanni segja að saga þess spanni ærið langt tímabil innan heimsbókmenntanna. Það yrði of langt mál að rekja rúmlega 4000 ára sögu vændis í heiminum og verður hér því einungis stiklað á stóru og þá helst reynt að skoða hin mismunandi siðferðilegu viðhorf til vændis á hinum ýmsu tímum sögunnar.

Fyrsta vændiskonan sem finna má í heimsbókmenntunum er hóran frá Babylóníu. Hennar er getið í Gilgamesharkviðu sem er yfir 4000 ára súmerskt söguljóð. Hóran er nafnlaus í ljóðinu en kölluð Harimtu á forn-babylónísku. Það hugtak notar löggjafinn Hammurabi til að vísa til vændiskonu af lægri stéttum í einu af hofum Ishtars sem var dóttir tunglguðsins, gyðja stríðs og ásta og jafnframt álitin drottning himinsins. Hún fæddist á hverjum morgni sem jómfrú en varð hóra á hverju kvöldi. Konurnar í þjónustu Ishtar veittu þeim karlmönnum, sem gáfu fé til hinna fjölmörgu hofa Ishtar, aðgang að heilögum mætti líkama sinna og sjálf kallaði Ishtar sig verndara allra vændikvenna. Í söguljóðinu sinnir Harimtu villimanninum Enkidu og gerir hann að siðmenntuðum manni á sex dögum og sjö nóttum. Þetta gerir Enkidu kleift að komast í kynni við prinsinn Gilgamesh og tekst með þeim mikill vinskapur. Í lokin er það hins vegar gyðjan Ishtar sem ákveður að Enkidu skuli deyja vegna þess að hún reiðist Gilgamesh fyrir að hafna ástaratlotum sínum. Í bræði sinni leggur Enkidu bölvun á Ishtar og allar hennar vændiskonur.¹¹¹ Vændi kemur þannig fyrst fram í kringum hofin í Mesópótamíu. Gríski sagnfræðingurinn Herodotus ferðaðist til Babylóníu um 440 f.k. og minnst á það í sögnum sínum að flestar konur hafi misst meydóm sinn í þessum hofum.¹¹² Hið súmerska orð fyrir kvenkyns vændiskonu kemur fyrir í fyrstu listum yfir starfsgreinar frá því um 2400 f.k. Er það talið tengjast þjónustu slíkra kvenna í hofunum. Þess má til gamans geta að karlkyns vændismenn eru í þessum lista flokkaðir með skemmtikröftum.¹¹³ Konur í Mesópótamíu nutu hinsvegar ekki mikils frelsis enda ákváðu feður þeirra hvort þær skyldu giftast eða þjóna í hofunum. Þó lítið sé vitað um vilja þeirra er líklegt að sumar hafi talið sig betur staddar í þjónustu hofanna. Þar fengu stúlkurnar kennslu

¹¹¹ Ringdal 2004:25-26.

¹¹² Sama heimild, bls. 14.

¹¹³ Lerner 1986.

og lærðu meðal annars að syngja og dansa. Hins vegar þurftu þær einnig að þjóna rónum og drykkjurútum og voru stundum barðar og pyntaðar.¹¹⁴ Vinna í hofunum gerði vændiskonurnar þó ekki vanhæfar til að giftast síðar meir þótt sum lög frá þessum tíma hafi lýst yfir banni við því að giftast fátækustu vændiskonunum sem störfuðu utan við hofin.¹¹⁵

Næsti viðkomustaður sögunnar er í kringum 1795-1750 f.k. Þá ríkti konungurinn Hammurabi í Mesópótamíu og var hann þekktur fyrir að sameina alla Mesópótamíu í eitt ríki með stjórnarsetri í Babylóníu. Þekktastur er Hammurabi þó fyrir skráningu lagasafns Babylóníu sem er ein elsta samræmda heildarlöggjöf sem varðveist hefur.¹¹⁶ Í lagasafni Hammurabis frá 1780 f.k. er að finna sex ákvæði er minnst sérstaklega á réttindi vændiskvenna og barna þeirra. Þetta eru ákvæði 178, 179, 180, 187, 192 og 193. Fjalla þrjú fyrri atkvæðin um réttindi til heimanmundar, gjafa og arfs sem vændiskona hlýtur frá föður sínum en þrjú síðari um skyldur og réttindi barna vændiskvenna.¹¹⁷

Ef við færum okkur næst til Egyptalands hins forna, þá dró vændi aldrei að sér sömu athygli þar og í Mesópótamíu en vændi var þar yngra og innflutt fyrirbrigði. Þar voru kvenkyns frjósemisgyðjur heldur aldrei eins sterkar og karlkyns guðirnir og kynferðislegir helgisíðir gengdu ekki eins stóru hlutverki og í Mesópótamíu. Konur nutu þá meiri réttar í Egyptalandi og máttu eiga eignir og velja sér mannsefni. Myndir frá síðari tímum Egyptalands sýna og vændiskonur sem voru þrælar og einnig má finna frá þeim tíma sögur, þar sem eldri menn ráðleggja hinum yngri að halda sig frá vændiskonum og gifta sig frekar og lifa fjölskyldulífi. Hins vegar minnst Herodotus á grísku vændiskonuna Rhodopis sem var fjárhagslega farsælust allra vændiskvennaí sögu Egyptalands. Hún á jafnvel að hafa getað byggt sér pýramída af hagnaði sínum.¹¹⁸

Á gullöld Grikkja lifðu vændiskonur góðu lífi. Á blómatímum lýðræðis og menningar Grikkja voru eiginkonur neyddar til þess að lifa fábrotnu og dyggðugu heimilislífi meðan karlarnir kusu að umgangast unga karlkyns aðdáendur. Sögur Platós af Sókratesi sýna sterklega þessa mynd af þeim. Karlmennirnir höfðu því vitsmunalegan, tilfinningalegan og

¹¹⁴ Ringdal 2004:16-18.

¹¹⁵ Sama heimild, bls. 18.

¹¹⁶ Horne 1915.

¹¹⁷ „Hammurabi’s Code of Laws“ Translated by L. W. King. (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/pdf/Hammurabi.pdf>

¹¹⁸ Ringdal 2004:21-23.

kynferðislegan félagsskap hver af öðrum.¹¹⁹ Þá höfðu grískir karlmenn félagsskap af gleðikonum sem kallaðar voru „hetæræ“ sem þýðir „kvenkyns félagi“. Þær voru betur menntaðar en aðrar konur og voru þjálfaðar í því að vera skemmtilegar og áhugaverðar frekar en að sinna hússtörfum af natni. Sumar þeirra gegndu hlutverki hjákvenna en aðrar sinntu almennu vændiskonuhlutverki og voru þær best menntuðu fengnar til að sinna heldri mönnum.¹²⁰ Gleðikonurnar sinntu því líkamlegum þörfum karlanna meðan eiginkonurnar sinntu börnum og búi. Samkvæmt Ringdal voru hinar grísku vændiskonur sem best þénuðu, fyrstu frjálsu konurnar. Þær keyptu sér frelsi, strituðu til framfara og lögðu fyrir sig bókmenntir. Þetta styrkti félagslega stöðu þeirra. Gríski löggjafinn og ljóðskáldið Sólon hefur verið talinn stofnandi vestræns lýðræðis. En hann var einnig faðir kynlífsiðnaðarins. Um 590 f.k. setti hann á fót ríkisrekin vændishús, fyllti þau af kvenkyns þrælum sem þjálfaðar voru til vændis og sá til þess að aðgangseyrir væri ekki of hár. Í kjölfarið varð kynlífsiðnaðurinn mjög ábatasamur í Grikklandi og var um ein af hverjum tíu fullorðinna kvenna vændiskona. Vændi varð einsleitara í Grikklandi með tíð og tíma þar sem það hætti að tengjast helgisiðum, en vændiskonurnar höfðu áður verið kenndar við hof t.d. Afródítu og Artemisar. Vændi varð því meira og meira ótrúarleg athöfn. En trúarleg viðhorf féllu ekki alveg úr myndinni og voru t.d. dýrustu vændiskonur Aþenu stundum gerðar að kvenprestum ástargyðjunnar Afródítu. Vændiskonur af lægstu stéttunum voru hins vegar ávalt þrælar og voru fyrirlitnar og máttu jafnan ekki sjást á götum úti fyrir dagsetur meðan hinar æðri réðu yfir götulífinu í Aþenu, bjuggu vel og tóku jafnvel þátt í stjórnámálum. Ein slík vændiskona, Aspasia, er ein þekktasta vændiskonan í sögu Grikkja. Hún var mikils metin, rak skóla fyrir unga menn þar sem kennd var heimspeki og mælskulist og var í vinahópi Sókratesar. Aðrar giftust höfðingjum, voru mæður konunga og jafnvel drottningin Kleópatra montaði sig af því að vera komin af hershöfðingjum úr föðurætt en óbrotinni línu „hetæræ“-vændiskvenna úr móðurætt.¹²¹

Um 60 f.k. sagði Cicero í ræðu í öldungadeildinni í Róm að hverjum þeim, sem vildi banna vændi, væri ókunnugt um það frelsi sem þá ríkti og að vændi væri gamalgróin starfsgrein sem væri í samræmi við venjur forfeðranna. Vændi væri því löglega heimil

¹¹⁹ Sama heimild, bls. 52.

¹²⁰ Vivante 1999.

¹²¹ Ringdal 2004:52-68.

forréttindi.¹²² Vændi átti sér langa sögu í Róm og segir þjóðsagan að Rómulus og Remus hafi verið aldir upp hjá geitarhirði og konu hans sem hafði tekjur af kynferðislegum greiðum.¹²³

Vændiskonur í Róm störfuðu oft í hofum helguðum ástargyðjunni Venus. Rómverjar skildu á milli ástar og kynlífs, hið fyrra var fyrir fjölskyldulíf en kynlíf máttu þeir eiga við þá sem þá lysti svo lengi sem það var gert sjaldan og í kyrrþey. Vændi sem var stundað opinberlega varð því yfirleitt að eiga sér stað fyrir utan borgarveggina. Rómverjar lögðu mikla áherslu á sjálfstjórn; þeir sem ekki gátu hamið tilfinningar sínar voru ekki sannir Rómverjar. Marga rómverska harmleiki um óhamingjusöm ástarsambönd milli ljóðskálda og vændiskvenna hefur mátt rekja til skorts á sjálfstjórn manna í návist hinna fögru kvenna.¹²⁴

Í byrjun hins kristna tímabils í sögu Rómverja varð Ágústus keisari yfir Róm. Á þessum tíma voru fáir sem giftust og því reyndi Ágústus að sekta þá sem ekki giftust og verðlauna konur sem áttu fleiri en þrjú börn. Uppreisnagjarnar konur efri stéttanna gripu þá oft til þess ráðs að skrá sig sem vændiskonur og þó þær hafi þá lent örlitð neðar í mannvirðingarstiganum hafi þær þó fengið að lifa lífinu eins og þær vildu. Á eftir Ágústusi tóku við keisaradæminu Tíberíus, Calígúla, Cládíus og Neró, í þessari röð. Neró og Calígúla sýndu ekki góð fordæmi samkvæmt góðum og siðferðilegum gildum og þá segir sagan að kona Cládíusar keisara, Messalina, hafi fengið frægustu vændiskonu Rómar til hirðar sinnar í keppni um hver gæti þjónað fleiri mönnum kynferðislega á einni nóttu, keisaraynjan eða hóran. Messalina sigraði. Á þessum tíma jókst kynlíf mikið í Róm og var oft stundað í leikhúsum bæði án og gegn greiðslu og vændishús voru skipulögð við eða rétt fyrir utan borgarveggina þar sem störfuðu frjálsir menn og þrælar, konur og karlar. Vændiskonur voru vanalega skráðar hjá ríkinu og borguðu skatta af tekjum sínum. Oft stálust konur af æðri stéttum inn á vændishúsin sér til gamans og til að ná sér í auka pening. Þær voru kallaðar *famosas* en voru fyrirlitnar af hinum sönnu vændiskonum. Karlkyns vændismenn voru hins vegar vinsælustu leikarar og dansarar Rómar, stjórnur síns tíma.¹²⁵

Á tímum hins austur-rómverska tímabils ríkti Justinian I keisari í Konstantínópel. Kona hans, Theodóra, hafði verið leikkona og vændiskona. Til að geta gifst Theodóru fékk Justinian kjörföður sinn, Justin keisara, til að breyta lögum landsins, sem bönnuðu

¹²² Sama heimild, bls. 85.

¹²³ Sama heimild, bls. 85.

¹²⁴ Sama heimild, bls. 86-90.

¹²⁵ Sama heimild, bls. 90-96.

öldungaráðsmönnum að kvænast vændiskonum. Tveimur árum síðar (um 527) varð hann sjálfur keisari og saman unnu þau hjón að því að setja lög sem komu í veg fyrir alla lauslætishæðun; ráku hórúmmur og vændishúsaeigendur úr borginni, bönnuðu kynlíf í opinberum baðhúsum og kynjaskiptu baðlaugum, lögðu meiri áherslu á giftingar; bönnuðu mansal til vændis og vernduðu vændiskonur gegn nauðgunum. Theodóra hefur því verið sögð fyrsti umbótarsinni í vændismálum enda var hún fyrsta vændiskonan sem varð keisaraynja.¹²⁶

Um vændi Maríu Magdalenu hefur lengi verið deilt. Hún var ein af fylgjendum Jesús; var viðstödd krossfestingu hans um 30 e.k. og var sú sem fyrst sá Jesús upprisinn. Séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, hefur sagt í útvarpsviðtali að María Magdalena hafi verið postuli postulanna.¹²⁷ Oft sé vísað til þess að hún hafi verið vændiskona en engar stoðir séu fyrir því. Hins vegar fylgdi hún Jesús, segir hann, og styrkti hann með peningum. Hún var því fjárhagslega sjálfstæð og gæti því jafnvel hafa verið ekkja. Því sé sagan um að hún hafi verið vændiskona ein af þessum „vöndu flökkusögum“ sem byggð sé á hugljómum eins páfars á síðari tíma kirkjuþingum. Ekkert sé hins vegar sem bendi til annars en að hún hafi verið kona á eigin vegum.¹²⁸

Í Evrópu miðalda eða um 500-1500 e.k. skiptust lönd á að leyfa og banna vændi. Á síðari hluta 6. aldar bannaði til að mynda Recared, hinn kaþólski keisari Vísigota á Spáni (596-601), algjörlega allt vændi. Konur sem sakfelldar voru fyrir annað hvort að stunda vændi eða hvetja til ólifnaðar voru dæmdar til að hljóta hýðingu, 300 högg, og voru reknaðar úr bænum með smán.¹²⁹

Árið 1158 refsaði hinn heilagi rómverski keisari, Frederick Barbarossa, vændiskonum sem ferðuðust með hernum. Ef staðin að verki, var vændiskonu hegnt með því að skera af henni nefið til að gera hana síður aðlaðandi. Hermaður sem gómaður var með vændiskonu gat átt á hættu að missa fingur eða auga.¹³⁰

Árið 1161 setti Hinrik II Englandskonungur reglur fyrir vændishús í London; þær fólu í sér bann við þvinguðu vændi, leyfðu vikulegt eftirlit löggæslumanna og mæltu fyrir um lokun húsanna á helgidögum. Vændiskonurnar máttu þá ekki eiga heimili sitt á

¹²⁶ Sama heimild, bls. 99-102.

¹²⁷ Magnús Erlingsson 2008.

¹²⁸ Sama heimild.

¹²⁹ Mizuta og Mulvay-Roberts 1994.

¹³⁰ Hardaway 2003.

vændishúsunum og þeim var meinað að giftast.¹³¹ Árið 1254 fyrirskipaði Lúðvík IX, konungur Frakka, brottvísun allra kvenna, sem lifðu siðspilltu lífi, úr konungsdæmi sínu sem og upptöku persónulegra muna þeirra og jafnvel fatnaðar. Árið 1256 bætti hann við að æskilegt væri að hrekja þær burt af hinum fínni götum borgarinnar, halda þeim eins langt frá trúarlegum stofnunum og mögulegt væri og helst að neyða þær til að dveljast utan borgarveggjanna. Milli árana 1350 og 1450 var hins vegar farið að setja á stofn borgarvændishús í þeim borgum sem höfðu þau ekki fyrir t.d. í Feneyjum árið 1360, Flórens 1403 og Siena 1421.¹³² Borgarráðið í Feneyjum samþykkti árið 1358 tilskipun þar sem vændi var lýst algjörlega ómissandi.¹³³

Í kringum 1490 breiddist sárasótt um Evrópu og stóð eyðilegging af völdum þess sjúkdóms yfir í næstum heila öld. Vitneskjan um ástæður smita og hræðslan við sjúkdóma ásamt siðferðilegum ofsahita í ýmsum sextánda aldar umbótarsinum vöktu sterk neikvæð viðbrögð gegn vændi.¹³⁴

Frá því um 1500 til upphafs fyrri heimstyrjaldar miðuðust lög frekar að því að banna vændi. Árið 1546 batt Hinrik VIII Englandskonungur t.d. enda á allt umburðarlyndi gagnvart vændiskonum sem hann kallaði lastafullar og ömurlegar manneskjur.¹³⁵ Sixtus V. páfi lýsti því svo yfir, árið 1586, að dauðarefsing yrði lögð gegn vændi í öllum hinum kaþólska heimi. Einhverjum slíkum dauðarefsingum var framfylgt en ekki mörgum. Kalvínistar brennumerktu hins vegar konur fyrir að stunda vændi en Lútherstrúarmenn rökuðu af þeim hár og skáru af þeim eyrun, en það tíðkaðist einnig í Skandinavíu í lok sextánda aldar og byrjun hinnar sautjándu. Hin hörðu nýju lög ollu því að vændi fékk á sig slæmt orð og dró mjög úr því í kjölfarið.¹³⁶

Á 19. öld fjölgaði lögum og reglum gegn kynsjúkdómum. Árið 1864 voru sett hin fyrstu af þrennum lögum í Bretlandi sem fjölluðu um smitsjúkdóma (Contagious Diseases Act); gerðu þau lögreglunni kleift að handtaka vændiskonur og þvinga þær í

¹³¹ Evans 1979.

¹³² Rossiaud 1988.

¹³³ Ringdal 2004.

¹³⁴ Bullough og Bullough 1978.

¹³⁵ Kelly 2000.

¹³⁶ Ringdal 2004:176-180.

kynsjúkdómaskoðun. Ef þær reyndust sýktar voru þær lagðar inn á sjúkrahús þar til þeim var batnað. Lögin giltu til 1886.¹³⁷

Á stríðstímum hafa vændiskonur jafnan verið fengnar til að sinna hermönnum. Vændishús voru t.d. stofnuð víðsvegar í Asíu til að sinna japönskum hermönnum. Fyrstu húsin voru stofnuð um 1932 í Shanghai í Kína en flest þeirra voru stofnuð árið 1937. Talið er að þar hafi starfað 20.000 til 400.000 konur. Sumar kvennanna voru fyrrum vændiskonur en aðrar neyddust til starfans sökum fátæktar, skulda og örvæntingar. Stór hluti kvennanna var frá Kóreu og Kína. Margar höfðu verið tældar frá heimilum sínum á fölskum forsendum með þeim lofordum að þeirra biði vinna t.d. í verksmiðjum og á veitingahúsum. Öðrum var smalað saman með valdi.¹³⁸

Á síðari hluta 20. aldar fóru vændiskonur sjálfar að stofna samtök. Fyrsti réttindahópur þeirra var stofnaður í San Francisco í Bandaríkjunum og kallaðist COYOTE (Call Off Your Old Tired Ethics). Fleiri hópar voru stofnaðir þar í landi eins og t.d. FLOP (Friends and Lovers of Prostitutes) og HIRE (Hooking is Real Employment).¹³⁹ Fyrsta þing alþjóðlegrar nefndar um réttindi vændiskvenna var svo haldið í Amsterdam árið 1985.¹⁴⁰

Í lok 20. aldar og í byrjun þeirrar 21. hefur vændislöggjöf víða stefnt að verndun vændis. Hugsað er meira um að auka réttindi vændiskvenna og lögleiða sölu vændis til þess að þær geti leitað sér hjálpar en harðar tekið á hagnýtingu vændis og mansali.

¹³⁷ Fisher 1997.

¹³⁸ Morris-Suzuki 2007.

¹³⁹ Jenness 1990.

¹⁴⁰ *The International Committee for Prostitutes' Rights*. Ringdal 2004:377.

Heimildaskrá

Bækur:

Ringdal, Nils Johan. *Love for Sale: A World History of Prostitution*, 1st ed. (New York: Grove Press, 2004)

Sullivan, Mary Lucille. *Making Sex Work. A Failed Experiment with Legalised Prostitution*, (North Melbourne, Australia: Spinifex Press, 2007)

Greinar:

Ekberg, Gunilla, „The Swedish Law that Prohibits the Purchase of Sexual Services: Best Practices for Prevention of Prostitution and Trafficking in Human Beings.“ [2004] 10 *Violence Against Women* 1187, SAGE Publications. (Sótt 21. apríl 2007)
<http://vaw.sagepub.com/cgi/content/abstract/10/10/1187>

Sullivan, Mary Lucille og Sheila Jeffreys, „Legalization: The Australian Experience.“ [2002] 8 *Violence Against Women* 1140, SAGE Publications. (Sótt 27. apríl 2007)
<http://vaw.sagepub.com/cgi/reprint/8/9/1140>

Skýrslur:

Inquiry into Prostitution. Final Report. Ninth Report of the Social Development Committee. Third session – Forty Eighth Parliament 1995-6. (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.parliament.sa.gov.au/NR/rdonlyres/B48AE49B-FD48-4547-BE5E-58DCCDBD3682/4694/09threportinquiryintoprostitutionfinalreportpt1.pdf>

Prostitution Law Reform for Western Australia. Report of the Prostitution Law Reform Working Group. 2007 Published by the Attorney General, Perth WA. (Sótt 17. apríl 2008)
http://www.scarletalliance.org.au/library/wa_lwp_07

Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á norðurlöndum og víðar. 2006. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík. (Sótt 1. maí 2008)
http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_vaendi_feb2006.pdf

Alþingi:

745. Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/12. febrúar 1940. 425. mál. Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989-90. „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.“ (Sótt 23. apríl 2008) <http://www.althingi.is/altext/112/s/0745.html>

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Þingskjal 38 – 38. mál. Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004. (Sótt 6. maí 2008) <http://www.althingi.is/altext/130/s/0038.html>

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Þingskjal 1048 – 712. mál. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006. (Sótt 6. maí 2008) <http://www.althingi.is/altext/132/s/1048.html>

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot). Þingskjal 20 - 20. mál. Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. (Sótt 20. apríl 2007) <http://www.althingi.is/altext/133/s/pdf/0020.pdf>

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Þingskjal 207 – 192. mál. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008. (Sótt 6. maí 2008) <http://www.althingi.is/altext/135/s/pdf/0207.pdf>

Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra. 1996. 133. fundur Alþingis 6. maí 1996. (Sótt 25. apríl 2008) <http://www.althingi.is/altext/120/O5/r08144358.shtml>

Lög:

Ísland:

1940 nr. 19, 12. febrúar. Almenn hegningarlög.

1992 nr. 40, 26. maí. Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

2002 nr. 14, 27. febrúar. Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

Ástralía:

Crimes Act 1900. (Sótt 16. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/ca190082/s61h.html

Criminal Law Consolidation Act 1935 (Sótt 26. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/sa/consol_act/clca1935262/

Prostitution Act 1999. (Sótt 14. apríl 2008)
<http://www.legislation.qld.gov.au/LEGISLTN/CURRENT/P/ProstitutA99.pdf>

Prostitution Control Act 1994. Version No. 056. (Sótt 26. apríl 2008)
[http://www.legislation.vic.gov.au/Domino/Web_Notes/LDMS/PubLawToday.nsf/95c43dd4eac71a68ca256dde00056e7b/81AE366ED4C5D595CA25730800251699/\\$FILE/94-102a056.pdf](http://www.legislation.vic.gov.au/Domino/Web_Notes/LDMS/PubLawToday.nsf/95c43dd4eac71a68ca256dde00056e7b/81AE366ED4C5D595CA25730800251699/$FILE/94-102a056.pdf)

Prostitution Regulation Act. (lögin hafa ekki ártal) (Sótt 27. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/nt/consol_act/prs317/

Sex Industry Offences Act 2005. (Sótt 24. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/tas/consol_act/sioa2005253/

Summary Offences Act 1953. (Sótt 26. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/sa/consol_act/soa1953189/

Summary Offences Act 1988. (Sótt 16. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/soa1988189/

Summary Offences Act 1998 (Sótt 16. apríl 2008)
http://www.austlii.edu.au/au/legis/nsw/consol_act/soa1988189/s3.html

Svíbjóð:

1999 Swedish Prostitution Law. SFS 1998:408. Act on prohibiting the purchase of sexual services. Í enskri þýðingu. (Sótt 27. apríl 2008)
http://www.bayswan.org/swed/swed_law.html

The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statutes in translation. Ministry of Justice. Law 1984:399 (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statutes in translation. Ministry of Justice. Law 1991:240 (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

The Swedish Penal Code. Ds 1999:36. Swedish statutes in translation. Ministry of Justice. Law 1998:393 (Sótt 27. apríl 2008)
<http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/02/77/77/cb79a8a3.pdf>

Alþjóðasáttmálar:

Convention on the Rights of the Child. 20. nóvember 1989, G.A. Res. 44/25. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.unhcr.ch/html/menu3/b/k2crc.htm>

Council of Europe. Convention on Action against Trafficking in Human Beings. Varsjá, 16. maí 2005. (Sótt 1. maí 2008)
<http://conventions.coe.int/Treaty/Commun/QueVoulezVous.asp?NT=197&CM=1&CL=ENG>

Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation No. R (2000) 11 of the Committee of Ministers to member states on action against trafficking in human beings for the purpose of sexual exploitation. (Sótt 1. maí 2008)
<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=355371&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=&BackColorLogged=FDC864>

Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation Rec(2001)16 on the protection of children against sexual exploitation. (Sótt 1. maí 2008):
[www.lavoro.minori.it/normativa/documenti/eu/Rec%20\(2001\)16.rtf](http://www.lavoro.minori.it/normativa/documenti/eu/Rec%20(2001)16.rtf)

Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation Rec(2005)5 of the Committee of Ministers to member states on the protection of women against violence. (Sótt 1. maí 2008)

<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=280915&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75>

Council of Europe, Committee of Ministers. Recommendation No. R (91) 11 of the Committee of Ministers to Member States concerning Sexual Exploitation, Pornography and Prostitution of, and Trafficking in, Children and Young Adults. (Sótt 1. maí 2008)

<https://wcd.coe.int/com.instranet.InstraServlet?Command=com.instranet.CmdBlobGet&DocId=597996&SecMode=1&Admin=0&Usage=4&IntranetImage=43409>

Declaration on the Elimination of Violence against Women. A/RES/48/104. 85th plenary meeting, 20 December 1993. (Sótt 1. maí 2008)

<http://www.un.org/documents/ga/res/48/a48r104.htm>

Optional Protocol to the Convention on the Elimination of Discrimination against women. 6. október 1999, G.A. Res. A/54/4. (Sótt 1. maí 2008)

http://www.unhchr.ch/html/menu3/b/opt_cedaw.htm

Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum nr. 5 frá 10. október 1985. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.althingi.is/lagas/135a/1985005.html>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18 frá 2. nóvember 1992. (Sótt 1. maí 2008) <http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18 frá 2. nóvember 1992. „Valfrjáls bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.“ (Sótt 1. maí 2008) <http://www.althingi.is/lagas/131a/1992018.2c5.html>

Orðabók:

Íslensk veforðabók. (Sótt 23. apríl 2008) <http://snara.is/vefbaekur/gagn.htm>

Útvarpsviðtal:

Magnús Erlingsson. 2008. *Okkar á milli*. Ríkisútvarpið, Rás 1. 16. apríl.

Veraldarvefurinn:

Bullough, Vern og Bonnie Bullough, 1978. *Prostitution: An Illustrated Social History*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Evans, Hilary. 1979. *Harlots, Whores & Hookers: A History of Prostitution*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Fisher, Trevor. 1997. *Prostitution and the Victorians*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

“Fylgiskjal við erindi Barnaheilla til stjórnarskrárnefndar.” 31. maí 2005. (Sótt 1. maí 2008)
<http://www.stjornarskra.is/Erindi//nr/1871>

„Hammurabi’s Code of Laws“ Translated by L. W. King. (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/pdf/Hammurabi.pdf>

Hardaway, Robert M.. 2003. *No Price Too High: Victimless Crimes and the Ninth Amendment*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Horne, Charles F. 1915. „The Code of Hammurabi: Introduction“ in „Ancient History Sourcebook: Code of Hammurabi, c. 1780 BCE.“ (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.fordham.edu/halsall/ancient/hamcode.html>

Jeness, Valerie. 1990. „From Sex as Sin to Sex as Work: COYOTE and the Reorganization of Prostitution as a Social Problem.“ Partur greinarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Kelly, Henry Ansgar. 2000. „Bishop, Prioress, and Bawd in the Stews of Southwark.“ Partur greinarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Lerner, Gerda. 1986. „The Origin of Prostitution in Ancient Mesopotamia“ Partur greinarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Mizuta, Tamae og Marie Mulvay-Roberts. 1994. *Perspectives on the History of British Feminism: The Rights of Married Women*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Morris-Suzuki, Tessa. 2007. „Japan’s ‘Comfort Women’.“ Partur greinarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008)
<http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Queensland Government. „Prostitution Licensing Authority“. (Sótt 15. apríl 2008)
<http://www.pla.qld.gov.au/>

Queensland Government. „The Law. Prostitution and the Law in Queensland“. (Sótt 15. apríl 2008)
<http://www.pla.qld.gov.au/theLaw/default.htm>

„Queensland’s Prostitution Licensing Authority (PLA). Summary of Laws.“ (Sótt 26. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/pdf/australia.pdf>

Ringdal, Nils Johan. 2004. *Love For Sale: A World History of Prostitution*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Rossiaud, Jacques. 1988. *Medieval Prostitution*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>

Vivante, Bella. 1999. *Women's Roles in Ancient Civilizations: A Reference Guide*. Partur bókarinnar tekinn af vefsíðu Prostitution ProCon á „History of Prostitution.“ (Sótt 20. apríl 2008) <http://www.prostitutionprocon.org/history.htm#ancient>